

2003

**ÁRSSKÝRSLA
RSK**

Embætti ríkisskattstjóra á árinu 2003 gegndi Indriði H. Þorláksson. Ákvarðanir um framkvæmd þeirra verkefna sem RSK eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eru teknar af ríkisskattstjóra og yfirstjórn embættisins. Í henni eiga sæti, auk ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóri og forstöðumenn stjórnunarskrifstofu, skattaskrifstofu, gjaldaskrifstofu og eftirlitsskrifstofu.

Ríkisskattstjóri er ábyrgur gagnvart fjármálaráðherra fyrir rekstri embættisins.

Ársreikningur RSK 2003

Rekstrarreikningur fyrir árið 2003

	2003	2002
Tekjur:		
Sértekjur	5.847.596	3.956.883
Aðrar rekstrartekjur	28.426.700	0
Tekjur samtals	<u>34.274.296</u>	<u>3.956.883</u>
 Rekstrargjöld:		
Launagjöld	382.407.590	347.683.561
Önnur starfstengd gjöld	10.920.139	10.169.828
Rekstrarvörur og risna	15.653.921	13.805.389
Prentun og pósthúðargjöld	74.989.891	92.452.677
Aðkeypt þjónusta	19.978.298	21.140.899
Húsnæðiskostnaður	21.618.493	18.521.424
Rekstur skattvinnslukerfa	269.771.312	233.948.908
Rekstargjöld samtals	<u>795.339.644</u>	<u>737.722.686</u>
 Stofnkostnaður:		
Stofnkostnaður skattvinnslukerfa	18.448.227	57.168.770
Annar stofnkostnaður og eignakaup	36.074.110	8.386.865
Gjöld alls	<u>849.861.981</u>	<u>803.278.321</u>
 Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	(815.587.685)	(799.321.438)
Ríkisframlag	856.635.000	789.370.000
Tekjuafgangur (halli)	<u>41.047.315</u>	<u>(9.951.438)</u>

Efnahagsreikningur fyrir árið 2003

Eignir:	2003	2002
Veltufjármunir:		
Ríkissjóður	17.346.345	49.008.505
Viðskiptakröfur	17.499.352	932.699
Handbært fé	31.966.308	21.961
Veltufjármunir samtals	<u>66.812.005</u>	<u>49.963.165</u>
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	11.142.013	14.955.726
Flutt frá 09-995		6.137.725
Tekjuafgangur (halli) á árinu	41.047.315	(9.951.438)
Eigið fé samtals	<u>52.189.328</u>	<u>11.142.013</u>
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	14.622.677	38.821.152
Skammtímaskuldir samtals	<u>14.622.677</u>	<u>38.821.152</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>66.812.005</u>	<u>49.963.165</u>

Sjóðstreymi árið 2003

Handbært fé frá rekstri:	2003	2002
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (halli)	41.047.315	(9.951.438)
Veltufjármunir samtals	<u>41.047.315</u>	<u>(9.951.438)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur (hækkun)	(16.566.653)	334.654
Viðskiptaskuldir (lækkun)	(24.198.475)	19.993.474
Eigið fé samtals	<u>(40.765.128)</u>	<u>20.328.128</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>282.187</u>	<u>10.376.690</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Breyting á stöðu ríkissjóðs:		
Framlag ríkissjóðs	(856.635.000)	(789.370.000)
Greitt úr ríkissjóði	888.297.160	778.794.905
Fjármögnunarhreyfingar	<u>31.662.160</u>	<u>(10.575.095)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	31.944.347	(198.405)
Handbært fé í ársbyrjun	21.961	220.366
Handbært fé í árslok	<u>31.966.308</u>	<u>21.961</u>

Starfsemi RSK á árinu 2003 var að mestu með hefðbundnum hætti. Áfram var haldið með þá þróun sem verið hefur í gangi á síðustu árum og miðar að því að bæta þjónustu við skattborgarana með því að einfalda samskipti þeirra við skattkerfið og auka skilvirkni þess ásamt því að gera því kleift að sinna síauknum verkefnum með sem hagkvæmustum hætti. Embættinu voru fengin ný verkefni á árinu, aukning var á samvinnu við erlend skattyfirvöld og unnið var að stefnumótun fyrir embættið.

Þróun rafrænnar þjónustu hélt áfram og eru rafræn framtalsskil þar fremst í flokki. Á árinu 2003 voru þau ásamt forskráningu upplýsinga þróuð frekar. Ennfremur var stigið það skref að auka þjónustu við framteljendur með að gera þeim kleift að fá aðgang á vefnum að framtali og álagningarseðli síðasta árs svo og að fá staðfest rafrænt afrit af skattframtali sínu. Þátttaka í rafrænum skilum einstaklinga óx enn og við álagningu 2003 var hlutfall rafrænna framtala einstaklinga komið í um 82% þar sem framtöl yfir 180 þús. manna bárust með rafrænum hætti. Við álagningu var framteljendum ennfremur boðið upp á að skoða álagningarseðla sína á vefnum áður en þeir voru sendir út með pósti. Rafræn skil á framtölum lögaðila eru þegar orðin að almennri reglu. Skil á virðisaukaskattsskýrslum og staðgreiðsluskilagreinum með rafrænum hætti hafa vaxið en nokkuð hægar en vonir stóðu til.

Rafræn stjórnsýsla skattyfirvalda á öðrum sviðum svo sem í almennum samskiptum, kærnum, afgreiðslu erinda o.s.fr. er í undirbúningi. Unnið hefur verið að því í samvinnu við fjármálaráðuneytið og aðrar stofnanir að gera miðlun upplýsinga örugga og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um vörslu og meðferð gagna þannig að rafræn samskipti geti verið bindandi með sama hætti og um venjulegan skriflegan gerning væri að ræða. Notkun rafrænna undirskrifa og rafrænna skilríkja er þegar hafin hjá skattyfirvöldum í nokkrum mæli og mun væntanlega aukast mjög á næstu árum og ryðja frekari rafrænni stjórnsýslu braut og skapa tækifæri til betri og hagkvæmari þjónustu.

Nokkrar breytingar urðu á verksviði RSK á árinu. Helst þeirra er flutningur á Fyrirtækjaskrá frá Hagstofu Íslands til embætti ríkisskattstjóra 1. júlí 2003. Tókst hann með ágætum og hefur starfsemi Fyrirtækjaskrár þegar aðlagast annarri starfsemi embættisins. Ákveðið var að endurhanna tölvukerfi Fyrirtækjaskrár frá grunni í þeim tilgangi að það þjónaði þörfum skrárinnar betur jafnframt því að tekið væri sérstakt tillit til þarfa skattkerfisins fyrir skráningu upplýsinga og að bæta mætti þjónustu embættisins við viðskiptavinum, m.a. með einfaldari skráningu. Hið nýja kerfi, sem m.a. felur í sér samvirka skráningu á því sem skrá þarf skv. lögum um fyrirtækjaskrá og þörfum skattkerfisins og opnar möguleika á rafrænni skráningu, verður tekið í notkun á árinu 2004.

Önnur breyting á verkefnum RSK var að embættinu var falið að sjá um álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki. Er það lagt á samhliða almenna bifreiðagjaldinu en breytingun leiddi til umtalsverðrar fjölgunar gjaldenda þar sem undanþágur frá greiðslu bifreiðagjalda taka ekki til úrvinnslugjaldsins.

Alþjóðleg samskipti skattfirvalda eru sífellt að aukast. RSK tekur þátt í slíku samstarfi innan OECD (Forum on Tax Administration), IOTA (Intra-European Organisation of Tax Administrations) og á vettvangi ríkisskattstjóra Norðurlandanna. Fyrirferðamest á þessum vettvangi er samstarf skattfirvalda á Norðurlöndum. Á síðustu árum hefur þetta samstarf verið mótað með nýjum hætti með það í huga að beina því sem mest aðverkefnum sem nýtast löndunum í störfum þeirra á hverjum tíma. Á vettvangi norrænu ríkisskattstjóranna fór fram á árinu 2003 samanburðarathugun á mannafla, afköstum og kostnaði við skattframkvæmd á Norðurlöndunum. RSK tók þátt í þessu starfi og aflaði gagna um skattframkvæmd hér á landi. Fyrstu niðurstöður þessarar athugunar voru lagðar fram í skýrslu á árinu 2003. Í framhaldi af henni var ákveðið að halda verkefninu áfram með nánari greiningu á framkvæmd virðisaukaskatts. Niðurstöður þessarar könnunar eru um margt athyglisverðar og lærdómsríkar. Skýrslan um hana sýnir að Ísland getur sæmilega við unað á flestum sviðum skattframkvæmdar þótt einnig sé augljóst að víða megi bæta árangur með hliðsjón af því sem fram kemur hjá nágrönnum okkar.

Á árinu 2003 var hafist handa við nýja stefnumótun fyrir RSK. Annars vegar var um að ræða úttekt í samstarfi við fjármálaráðuneytið á verkefnum embættisins og notkun mannafla þess svo og skilgreiningu á áhersluatriðum í starfsemi embættisins. Vinna þessi var jafnframt undirbúningur að gerð árangursstjórnunarsamnings milli þess og ráðuneytisins, sem gerður var á árinu 2004. Hins vegar var á árinu hafist handa við stefnumörkun að því er varðar innra starf embættisins. Var það starf unnið á breiðum grundvelli með þátttöku fjölmargra starfsmanna. Standa vonir til þess að því verði lokið á árinu 2004.

Forstöðumaður: Jón H. Steingrímsson
Fjöldi ársverka: 16,7

Árið 2003 var fimmta starfsár stjórnunarskrifstofu. Reglubundin verkefni eru gerð rekstrar-áætlunar, bókhald, greiðslur, innkaup, rekstur húsnæðis, verkefni starfsmannahalds, mála-skráning, skjalavistun, útgáfumál, vefviðhald tölfraeðiverkefni og ýmis upplýsingavinnsla. Jafnframt hefur skrifstofan með höndum eða tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum og þau helstu á þessu ári voru móttaka og aðlögun fyrirtækjaskrár að starfsemi embættisins, útboð á nýsmíði tölvukerfis fyrirtækjaskrár, þróun vefframtsals og vefja skattkerfisins, norrænt samstarfsverkefni um árangursmælingar, samstarfsverkefni um rafræn skilríki, kortlagning verkefna embættisins í tengslum við fjárveit-ingaúttekt og stefnumótunarvinna.

Fjármál og rekstur

Heildarútgjöld á árinu til rekstrar embættisins og sameiginlegra útgjalda skattkerfisins, tölvu-kerfa og vélbúnaðar, þ.m.t. rekstur fyrirtækja-skrár frá 1. júlí 2003 voru á árinu 815,6 m.kr. að teknu tilliti til sértekna. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun meginsterða í rekstri embættisins undanfarin þrjú ár (á verðlagi hvers árs):

	2001	2002	2003
Rekstur embættis 1)	470,1	508,1	527,5
Tölvukerfi 2)	261,3	291,3	266,0
Vélbúnaður	23,9	26,0	22,1
Heildarútgjöld	755,3	825,4	815,6

1) Að frádregnum sértekjum.

2) Rekstur netkerfa og staðarnets er hér talinn til tölvu-kerfa en í bókhaldi frá og með árinu 2003 færast þau útgjöld á bókhaldslykil vélbúnaðar.

Flutningi fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra fylgdu ýmis verkefni, m.a. tengd fjármálum, sem kom í hlut stjórnunarskrifstofu að leysa af hendi ýmist til skemmri eða lengri tíma. Þessari starfsemi fylgja umtalsverðar tekjur og tilheyrandi samningagerð, fjársýsla og bókhald. Í desem-

bermánuði þurfti að endurnýja samninga um af-not af fyrirtækjaskrá en allir eldri samningar Hagstofu Íslands við notendur fyrirtækjaskrár runnu út 30. nóvember.

Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun útgjalda til reksturs tölvukerfa undanfarin fimm ár á verðlagi ársins 2003 að teknu tilliti til lagfæringa á bókfærðum útgjöldum 2):

	2000	2001	2002	2003
Viðhald hugbúnaðar	89,7	83,0	90,1	86,7
Annar rekstur	150,8	155,7	143,3	161,0
Nýsmíði og endurbætur	49,5	54,4	45,6	35,7
Alls	290,0	293,1	279,0	283,4

1) Hugbúnaðarhluti rekstrar og stofnkostnaður færður á fast verðlag með vísitölu hugbúnaðartaxta en annar kostnaður með neysluvöruvísitölu.

2) Útgjöld færð af greiðsluári á vinnsluár. Sjá skýringu í ársskýrslu 2002.

Á árinu 2002 var tekin sú ákvörðun að innleiða nýjan skrifstofuvöndul, Staroffice, fyrir meginhluta starfsmanna skattkerfisins. Sú ákvörðun var grundvölluð á miklum verðmun, þröngum fjárhag á þeim tíma og fyrirmynd frá dómsmálastofnunum þar sem fjöldainleiðing sama hugbúnaðar hafði farið fram. Voru keypt leyfi fyrir 180 notendur um leið og uppfærsla var keypt á þau 50 Microsoft leyfi sem til staðar voru. Það kom smám saman í ljós að þessi ný hugbúnaður væri ófullnægjandi fyrir allstóran hluta notenda. Var því afráðið í ljósi hagstæðra tilboða frá umboðsaðila Microsoft að kaupa ný Micro-soft-leyfi fyrir þá notendur sem á þyrftu að halda.

Á árinu áttu sér stað viðræður við fjármála-ráðuneyti um fjármál og verkefni embættisins og í tilefni af þeim fór fram sérfræðileg úttekt óháðs aðila á þeim málum. Af hálfu embættisins var af þessu tilefni lögð veruleg vinna í kortlagningu verkefna embættisins og mati á umfangi þeirra. Beindist þessi athugun að almanaksárinu 2002 og fór þannig fram að

forstöðumenn skrifstofa lögðu mat á umfang allra helstu verkefna í ársverkum talið. Niðurstöður voru eftirfarandi, samandregnar á yfirflokka verkefna 1):

Yfirflokkur verkefna	Ársverk	Kostn. alls
Skattfrákvæmd	21,1	174,1
Samræming og lagatúlkun	15,7	66,5
Fræðsla og leiðsögn	3,5	26,0
Skatteftirlit	10,2	44,9
Hugbúnaðarmál	4,5	19,1
Rekstur kerfa og vélbúnaðar	2,5	37,0
Stefnumótun og þróun	0,5	4,2
Útgáfu- og kynningarmál	3,4	20,7
Stjórnun, rekstur, starfsmannamál	4,4	46,5
Afgreiðsla og þjónusta	11,0	46,5
Tillögugerð og lagavinna	1,3	5,6
Málaskráning og innri þjónusta	3,9	25,1
Ársreikningar	1,3	4,6
Lífeyrisiðgjöld	1,5	6,4
Annað	0,6	6,9
Samtals	85,3	508,1

1) Kostnaður er reiknaður þannig að heildarútgjöldum til rekstrar (að sértekjum frádrögnum) er skipt í sama hlutfalli og ársverk skiptast.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi ársverka í dagvinnu að meðtöldu fólki í afleysingum og tímavinnu var á árinu 89,7 samanborið við 85,3 á árinu 2002. Aukningin er 5,2%, eða 4,4 ársverk og skýrist af yfirfærslu starfsmanna fyrirtækjaskrár frá Hagstofu Íslands til embættisins þann 1. júlí, en um var að ræða 9 starfsmenn. Móttaka fyrirtækjaskrár var stærsta einstaka verkefnið á sviði starfsmannamála á árinu.

Launakostnaður hækkaði úr 347,7 m.kr. á árinu 2002 í 382,4 m.kr. á síðasta ári, eða um 10%. Þar af skýrir tilkoma fyrirtækjaskrár um 4%. Launavísitala hækkaði um 5,4% á árinu þannig að raunkostnaður vegna hefðbundinnar starfsemi embættisins hefur hækkað um 0,6% frá fyrra ári en þess ber að geta að ráðnir voru á árinu nýir starfsmenn til eftirlitsskrifstofu vegna aukinnar áherslu á skatteftirlit. Starfsmannavelta embætt-

isins síðasta ár var um 11% eða nokkuð hærri en árið 2002 þegar hún var 9,3%. Tveir starfsmenn hættu á árinu vegna aldurs en einn starfsmann á árinu 2002 og að teknu tilliti til þess var starfsmannaveltan 8,1% og 8,7% fyrir þessi ár.

Húsnæði og búnaður

Í húsnæðismálum bar hæst á árinu fyrrnefndan flutning fyrirtækjaskrár til embættisins frá Hagstofu Íslands sem byrjað var að skipuleggja seinnihluta árs 2002. Ákveðið var að staðsetja fyrirtækjaskrá í Laugavegsálmú 1. hæðar hússins þar sem til staðar voru rekstrardeild, útgáfudeild og miðlæg skjalaskráning. Rekstrardeild og útgáfudeild voru fluttar í miðrymi 3. hæðar en miðlæg skráning í miðrymi 1. hæðar tengt afgreiðslu embættisins. Skoðunaraðstaða ársreikninga var færð til á 1. hæðinni til að rýma fyrir afgreiðslu fyrirtækjaskrár. Þessar ráðstafanir kölluðu á endurhönnun og gagngerar breytingar á miðrymi 3. hæðar, auk lítils háttar breytinga á nýlegu húsnæði 1. hæðar og aðgengi frá bakstígagangi í afgreiðslu. Flutningur fyrirtækjaskrár í húsnæði ríkisskattstjóra átti sér stað 28. ágúst 2003. Framkvæmd þessi þótti takast með ágætum og hafði í för með sér tímabærar úrbætur í húsnæðis- og aðstöðumálum fyrirtækjaskrár.

Um mitt ár var reykingaaðstaða starfsmanna flutt út úr húsi og er húsnæðið þar með reyklaust. Umrædd aðstaða var bráðabirgðaaðstaða sem komið var upp á árinu 2000 þegar reykingar voru alfarið bannaðar í vinnurými. Á árinu var bætt aðgengi fatlaðra í samráði við Fasteignir ríkissjóðs, með opunarrofum á aðkomudyrum í anddyri á 1. hæð. Þann 14. október var gengið frá samkomulagi við aðrar stofnanir í húsinu um aðgengi starfsmanna þeirra að dyrum á milligangi 1. hæðar sem eru eini inngangurinn í húsið frá baklóð.

Tafist hefur að taka í notkun kortahlíð að bílastæðum á baklóð þar sem enn á eftir að

tengja snjóbræðslu bílastæða við Brautarholt. Gengið var frá tengingum en í ljós kom leki í efri bílastæðaplötu sem eftir er að lagfæra. Á árinu var ráðist í endurnýjun sendibifreiðar og haldið var áfram endurnýjun ljósritunarvéla og faxtækja. Einnig var haldið áfram að setja upp viðarrimlagardínur, nú á 3. hæð Nóatúnsmegin, sem lið í endurnýjun á þeim sem fyrir eru.

Í desember var keypt viðbótarsímkort í símsstöð embættisins og 50 stafræn símtæki í stað eldri hliðrænna símtækja. Með þessu var lokið þeirri endurnýjun símtækja sem hófst þegar keypt var ný símsstöð á árinu 2001.

Skjalamál og afgreiðsla

Undanfarin ár hafa verkefni afgreiðslu embættisins tekið nokkrum breytingum. Þannig hefur vinna við leiðréttingar á staðgreiðslu, umsjón launagreiðendaskrár og framsendingu skattframtala verið færð smám saman til skattaskrifstofu. Á móti hefur móttaka og dreifing eyðublaða að nokkru færst á könnu afgreiðslunnar. Einnig hefur aukist nokkuð álag vegna útgáfu skattkorta og símsvörun með tilkomu fyrirtækjaskrár um mitt síðasta ár. Sú nýbreytni var tekin upp að hausti að starfsfólk í afgreiðslu tekur þátt í flokkun og skráningu gagna í mála-kerfi. Hefur það gefist vel og má segja að skráning og flokkun gagna sé komin í nokkuð fastar skorður. Í desember 2003 var ný útgáfa af mála-kerfi RSK GoPro Professional tekin í notkun og gekk innleiðingin vel.

Með flutningi fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra barst töluvert magn af eldri gögnum sem byrjað var að pakka og ganga frá til varanlegrar geymslu. Mikið af þessum gögnum kom frá Hlutfélagaskrá og eru þau allt frá því að byrjað var að skrá hlutfélög. Vonast er til að vinnu við eldri gögn ljúki fljótlega svo unnt verði að snúa sér að frágangi nýrri gagna eða frá því að Go-Pro var tekið í notkun árið 1999.

Yfirlitið hér að neðan sýnir innskráð mál hjá ríkisskattstjóra á árunum 2003 og 2002 eftir málaflokkum :

Málaflokkur

	Málafj. 2003	Málafj. 2002
Álagningarmál og úrskurðir	3.178	4.448
Framsending erindi	3.606	3.776
Álitsgerðir og umsagnir	1.794	1.871
Samræming og þróun skattkerfisins	9	12
Skatteftirlit RSK	93	189
Almennur rekstur	70	65
Erlend samskipti	72	64
Tæknimál	175	161
Laga- og reglugerðarvinna	7	7
Leiðbeininga- og eyðublaðavinna	17	17
Fræðslumál	2	5
Útgáfumál	4	7
Ársreikningar	37	51
Fyrirtækjaskrá	108	0
Önnur mál	794	693
Samtals	9.966	11.380

Fækkun á skráðum málum er 12,4% á milli ára. Munar þar mest um fækkun í málaflokknum *Álagningarmál og úrskurðir* en á árinu 2002 bárust sem hrein viðbót rúmlega 1000 erindi vegna öryrkjadómsins svokallaða, varðandi tekjudreifingu lífeyristekna. Á árinu 2003 bættist við nýr málaflokkur þ.e. *Fyrirtækjaskrá* og bárust alls 108 mál í þann málaflokk frá ágúst til ársloka.

Á árinu var kerfi gagnaeyðingar breytt hjá embættinu. Öllum úrgangspappír hafði verið safnað og hann fluttur til endurvinnslu. Það kerfi þótti ekki viðunandi gagnvart vernd persónuupplýsinga og var ákveðið í ljósi þess og til að tryggja fyllsta upplýsingaöryggi að flytja allan pappír í lokuðum ílátum til brennslu.

Þjónustumál

Með flutningi fyrirtækjaskrár í húsnæði ríkisskattstjóra var tekin í notkun sérstök afgreiðsla fyrir hana eins og verið hafði hjá Hagstofu og er hún staðsett vestan megin við anddyri í tengsl-

um við húsrými fyrirtækjaskrár. Ásókn í þjónustu fyrirtækjaskrár er umtalsverð, bæði hvað heim-sóknir varðar en einnig er verulegt símaálag. Stjórnunarskrifstofa tók eins og tvö fyrri ár þátt í skipulagningu og framkvæmd símavakta vegna framtalsgerðar. Að þessu sinni fóru þær fram 22.-24. mars og 4.-8. apríl. Vaktaálagi var nú dreift meira hlutfallslega þ.a. meiri hluti vakta og símtala kom í hlut stóru skattstofanna og ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri sá sem fyrr alfar-ið um tæknilegar spurningar og tóku starfs-menn stjórnunarskrifstofu þátt í því með starfs-mönnum tæknideildar.

Útgáfu- og kynningarmál

Auk þess sem útböð á prentverkum RSK hafa leitt til mikillar hagkvæmni fór áhrifa rafrænna skila að gæta af fullum þunga á árinu. Fjöldmörg eyðublöð eru nú prentuð í minna magni en áður og önnur hafa verið lögð niður. Prentkostnaður varð 32,0 m.kr. en árið á undan var hann 41,4 m.kr. Þess ber þó að geta að kostnaðarsöm prentun akstursbókar 2002 skekkir samanburð-inn en kostnaður við hefðbundin prentverk lækkaði um 4,3 m.kr. milli ára. Auglýsingakostn-aður lækkaði einnig og er þetta fimmta árið í röð sem hann lækkar. Alls var varið 2,7 m.kr. til auglýsinga sem er um 0,7 m.kr. minna en árið á undan. Lækkun kostnaðar undanfarin ár skýrist bæði af færri birtingum og því að blaðaauglýs-ingar eru fullunnar á útgáfudeild RSK en slík vinna var áður keypt af auglýsingastofum.

Tölfræði

Árið 2003 var vinnu haldið áfram við uppbygg-ingu og viðhald gagnasafna embættisins. Nýr hugbúnaður var tekinn í notkun sem hefur ein-faldað alla vinnu upplýsinga úr hinum gríðarlega víðfeðmu gagnasöfnum embættisins, auk þess sem nýir möguleikar hafa nú opnast við eftirlit og vinnslu talnaefnis til opinberrar birtingar á

vef embættisins. Þar er nú að finna, á einum stað og aðgengilegt almenningi, yfirgripsmikið safn upplýsinga um skattastofna og álagningu síðastliðinna tíu ára. Þessar upplýsingar eru til þess fallnar að stuðla að upplýstri umræðu um skattamál. Mikill og vaxandi áhugi hefur verið meðal ýmissa aðila fyrir upplýsingum sem byggja á skattagögnum og hefur umfang slíkra erinda aukist ár frá ári. Þegar ekki er um opin-bera aðila að ræða, s.s. ráðuneyti og stofnanir hins opinbera, er nú sem fyrr unnið eftir þeirri meginreglu að kostnaður sé almennt borinn af þeim sem þjónustunnar óskar.

Þróunarverkefni

Stjórnunarskrifstofa hefur haft með höndum og tekið þátt í ýmsum þróunarverkefnum en skv. skipulagi er henni ætlað að hafa yfirsýn og eftir atvikum stýra slíkum verkefnum í tengslum við stefnumótun, áætlanagerð og fjármál. Hér verð-ur gerð grein fyrir einstökum verkefnum:

Upplýsingavefir (rsk.is og innri vefur).

Samkvæmt Virkri vefmælingu á teljari.is hefur verið stöðug aukning í notkun á rsk.is. Árið 2003 voru heimsóknir á vefinn ríflega 820.000 sem er 39% aukning frá fyrra ári og 89% aukning frá árinu 2001. Ef litið er fram hjá metað-sóknarmánuðunum mars og apríl (þegar skil netframtals eru í hámarki) voru fleiri heimsóknir í þeim mánuði sem þær voru fæstar árið 2003 (38.466) fleiri en þær voru flestar árið 2002 (36.303). Stærsti einstaki dagurinn var 24. mars sem var síðasti skiladagur netframtals. Þá voru heimsóknir á rsk.is ríflega 25.000 en næstflestar voru heimsóknir 30. júlí þegar álagningarseðill-inn var birtur á þjónustusíðunni (tæplega 23.000).

Í janúar voru öll ákvarðandi bréf ríkisskatt-stjóra á sviði beinna skatta frá árinu og með 1999 birt á rsk.is, en ári áður höfðu verið sett inn á vefinn ákvarðandi bréf á sviði óbeinna

skatta. Tvær nýjar reiknivélar voru settar upp á árinu; vegna vaxtagjalda og fasts gjalds þungaskatts. Reiknivélar eru iðulega meðal þess efnis sem er mest notað á rsk.is (af tæpum 800 síðum sem eru í mælingu) og mælast gjarnan meðal 40 vinsælustu síðanna. Í mars og apríl var boðið upp á ýmsa þjónustu í tengslum við skattframtal á vefnum s.s. umsókn um fresti, veflykla o.fl. Hæst bar þó þjónustusíðu í tengslum við netframtalið, sem er nýjung. Þar geta gjaldendur m.a. sótt staðfest afrit af framtali sínu og sent inn beiðni um leiðréttingu. Í lok júlí var í fyrsta sinn hægt að nálgast álagngarseðilinn á vefnum. Fyrirsjáanlega mun framboð valmöguleika á þjónustusíðunni aukast jafnt og þétt á komandi árum. Seinni hluta ársins var unnið að netframtali lögaðila vegna framtals 2004. Í maí var opnað fyrir uppfléttingu í ársreikningaskrá á vefnum sem létt hefur talsvert á vinnu hjá ársreikningaskrá RSK. Þessi þjónusta hefur verið mikið notuð og ávallt ein af 20 vinsælustu síðunum á rsk.is. Í tengslum við flutning fyrirtækjaskrár til ríkisskattstjóra voru gerðar talsverðar breytingar á vef RSK, m.a. sett upp uppflétting í fyrirtækjaskrá. Hún er vinsælasta þjónustan sem boðið er upp á á rsk.is að netframtalinu undanskildu.

Um mitt ár 2002 var ákveðið að fá ráðgjafafyrirtækið Sjá ehf. til að vinna þarfagreiningu vefja RSK, með sérstakri áherslu á innri vef en að greiningarskýrslunni komu fulltrúar allra skattstofa, SRS, YSK og RSK. Meginverkefnið var að greina innri vef skattkerfisins auk þess að fara yfir ytri vefi og leggja drög að samskiptavef við aðra aðila (stofnanir og fagaðila). Verkefnalisti, byggður á þarfagreiningunni, var tilbúinn í júní 2003 og lokaskýrslu skilað í október.

Nýr og stórbættur innri vefur skattkerfisins var opnaður í nóvember. Hann er byggður á greiningarskýrslu Sjá ehf. og þróunarverkefni vegna virðisaukaskatts frá árinu áður. Megináherslan í þessum áfanga var lögð á rafræn

samskipti með fréttum, tilkynningum og spjallborði auk bréfasafns. Í kjölfar opunarinnar voru allar skattstofurnar heimsóttar og haldin kynning á innri vefnum.

Líkt og endranær virkaði námskeiðsskráning á vefnum vel, en á þriðja hundrað manns skráðu sig þannig á námskeið hjá skattafræðslu ríkisskattstjóra. Áskrifendum að nýju efni fjölgaði jafnt og þétt á árinu og voru áskrifendur utan skattkerfisins orðnir ríflega 1.600 talsins í lok ársins.

Í desember var alþjóðleg síða (International) opnuð á rsk.is í staðinn fyrir þá ensku (English), en þar er að finna upplýsingar á fleiri tungumálum og er stefnt að því að auka erlent efni á næstu árum. Samhliða var sett upp leitarvél á ensku sem og ítarleg valmynd (vefré).

Í árslok 2003, sem var fyrsta heila árið í rafrænum skilum staðgreiðslu, voru ríflega 4.500 veflyklar virkir (80% aukning frá fyrra ári) og var tæplega 37.000 skýrslum skilað rafrænt (145% aukning frá fyrra ári). Í vefskilum virðisaukaskatts voru ríflega 3.200 veflyklar orðnir virkir í lok árs 2003 (60% aukning frá fyrra ári) en um 13.000 skýrslum var skilað rafrænt á árinu (100% aukning frá fyrra ári).

Notendum netframtals fjölgaði um 15,6% milli ára sem var umfram væntingar. Alls skiluðu 113.489 á netinu. Framtöl sem unnin voru á framtalsforrit og skilað rafrænt urðu 68.034, sem var 8,4% aukning frá árinu áður. Þeim sem afþökkuðu að fá sent pappírframtal að ári fjölgaði um nálægt 16.000 á milli ára og voru 53.000 á árinu 2003.

Rafræn skilríki. RSK tók þátt í tilrauna-verkefni um rafræn skilríki undir merkjum fjármálaráðuneytis en það verkefni var m.a. sprottið upp úr samstarfshópi ríkisstofnana sem embættið kom á fót snemma á árinu 2002. Verkefnið er fólgið í sameiginlegri útgáfu rafrænna skilríkja sem handhafar geta nýtt í samskiptum við allar þær ríkisstofnanir sem kjósa að taka

þátt. Auk vinnu við skilgreiningar og undirbúning var framlag embættisins til verkefnisins opnun nýrrar skilaleiðar við rafræn skil á virðisaukaskatti. Einnig nýtti embættið skilríkin til undirritunar á rafrænum staðfestum afritum skattframtals.

Viðhorfskönnun. RSK tók þátt í spurningavagni IMG þar sem sjö spurningar voru lagðar fyrir 800 manns. Könnunin var gerð í tvennu lagi um mánaðamótin mars-apríl, á milli þess sem almennur og framlengdur framtalsfrestur rann út. Spurt var um framtalsgerð og leiðbeiningar. Yfir 60% svarenda höfðu þegar skilað framtali sínu þegar spurningarnar voru lagðar fyrir þá.

Niðurstöður voru greindar eftir aldri, kyni, menntun, tekjum og búsetu svarenda. Í ljós kom að um 57% framteljenda gera framtöl sín sjálfir og af þeim notuðu 7 af hverjum 10 netið. Flestir þurfa litlu sem engu að bæta við þær upplýsingar sem eru forskráðar og aðeins 12,6% sögðust þurfa að bæta miklu við. Það helst í hendur við að tæp 60% þurfa lítið eða ekkert að nota framtalsleiðbeiningarnar. Meirihluti svarenda var fylgjandi því að upplýsingar um eignir og skuldir í bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum verði forskráðar á framtal, en 35% voru andvígir.

Munur á svörum greindist fyrst og fremst eftir aldri en minna eftir öðrum þáttum. Framteljendur 25-34 ára nota netframtalið mest (57%), telja flestir fram sjálfir og eru hlynntastir forskráningu bankaupplýsinga. Þeir sem eru eldri en 55 ára nota netið minnst (25%), telja síst fram sjálfir og eru minnst fylgjandi forskráningu bankaupplýsinga. Þeir sem eru 45-54 ára þurfa að bæta mestu við þær upplýsingar sem eru forskráðar. Tæp 46% svarenda telja nauðsynlegt að fá leiðbeiningar sendar heim og rúm 40% telja nóg að sækja þær á netið. Tæp 14% voru fylgjandi því að dreifa leiðbeiningum á sama hátt og símaskránni þannig að menn sækja þær á nálægan stað, t.d. bensínstöð.

Árangursmælingar í skattkerfum Norðurlanda. Embættið tók á árinu þátt í tveimur samstarfsverkefnum um samanburð kennitalna í skattkerfum Norðurlanda. Fyrri verkefnið var frumherjaverkefni þar sem þjóðirnar leituðust við að skilgreina sameiginlegt skattkerfislíkan sem unnt væri að nota til samanburðar á milli landa. Að því afstöðnu vann hver þjóð að upplýsingaöflun og vinnslu á grundvelli líkansins og voru dregnar saman tölur frá árunum 2001-2002 um annars vegar ársverk og kostnað, sundurliðaðar á meginverkpætti, og hins vegar ýmsar tölur um umfang verkefna eða þjónustu s.s. fjölda skattskyldra aðila o.s.frv. Sameiginlegri skýrslu var skilað fyrir fund ríkisskattstjóra í júní og þótti skila markverðum niðurstöðum, enda hafði hún til að mynda þegar áhrif á skipulagsmál í danska skattkerfinu. Síðara verkefnið sem hófst um haustið byggði á hinu fyrri og snerist um að kortleggja nánar og bera saman virkni og framkvæmd virðisaukaskatts á milli landanna. Þessu verkefni var ólokið um áramót enda við það miðað að samanburðurinn yrði á grundvelli talna ársins 2003.

Stefnumótun. Að hausti var sett af stað stefnumótunarvinna til að marka framtíðarsýn og stefnumarkmið embættisins betur en verið hefur. Í því augnamiði var stofnað til sérstaks stefnumótunardags þann 27. október og kom þá saman hópur starfsmanna í Skíðaskálanum í Hveradölum og varði deginum í umhugsun og samræður um stefnumótun. Fór meginvinnan fram í starfshópum sem fengu afmörkuð svið til umfjöllunar. Þessir hópar fengu svo það hlutverk að vinna áfram að því að fullgera og skila skýrslu um viðkomandi svið. Þær skýrslur átti síðan að draga saman og samræma í eina heildarniðurstöðu en þeirri vinnu var ekki lokið um áramótin.

Almennt

Skattaskrifstofa annast um og samræmir skattframkvæmd beinna skatta. Helstu skattar sem falla undir skrifstofuna eru tekjuskattur, þ.m.t. fjármagnstekjuskattur, eignarskattur, staðgreiðsla opinberra gjalda og tryggingagjald.

Skrifstofan skiptist í fimm deildir: Álagningardeild, lögfræðideild, alþjóðadeild, gagnavinnludeild og atvinnurekstrardeild. Starfsmenn bera hver um sig ábyrgð á ákveðnum verkferlum innan skrifstofunnar. Á árinu 2003 létu tveir lögfræðingar skrifstofunnar af störfum en þrír lögfræðingar komu úr fæðingarorlofi. Ráðinn var einn nýr lögfræðingur á árinu. Tveir viðskiptafræðingar létu af störfum.

Mestur hluti þeirra stjórnýsluerinda sem berast embættinu kemur til afgreiðslu á skattaskrifstofu. Má þar nefna úrskurði um skatterindi, framsendingu slíkra erinda til skattstjóra, kröfugerðir í kærumálum til yfirskattanefndar, úrskurði í skattrannsóknarmálum, leiðréttingar á staðgreiðslu opinberra gjalda, og loks svör við ýmsum fyrirspurnum sem embættinu berast. Einnig úrskurði um endurgreiðslu á staðgreiðslu opinberra gjalda, vinnu við bindandi álit, útgáfu ýmissa vottorða, staðfestingu happdrætta vegna skattfrelsis vinninga, ýmsa útreikninga og tölulegar úttektir og úrskurði í kærumálum. Þá annast skrifstofan umsagnir í dómsmálum fyrir ríkislögmann og ráðuneyti og gefur umsagnir um lagafrumvörp. Verður nánari grein gerð fyrir málunum hér á eftir.

Afgreiðsla skatterinda

Á árinu 2003 bárust skattaskrifstofu 5.621 skatterindi til úrlausnar, samanborið við 5.869 árið áður. Af þessum erindum voru 3.606 framsend viðkomandi skattstjóra á grundvelli 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Á árinu voru afgreidd 1.282 skatterindi, á

skrifstofunni. Um áramót biðu 110 erindi úrlausnar.

Ívilnanir

Úrskurðir skattstjóra um ívilnanir samkvæmt 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sæta kæru til ríkisskattstjóra. Alls voru móttækin 122 slík mál á árinu 2003, samanborið við 153 á árinu 2002. Afgreidd mál á árinu voru 124, samanborið við 132 árið áður. Alls voru 19 óafgreidd ívilnanamál um áramót, samanborið við 21 árið áður.

Skattrannsóknarmál

Skattaskrifstofa ber ábyrgð á meðferð skattrannsóknarmála hjá embættinu og úrskurðar um gjaldabreytingar. Eru þessi mál úrskurðuð í samstarfi við gjaldaskrifstofu. Skýrslur skattrannsóknarstjóra eru yfirfarnar og boðaðar gjaldabreytingar ef forsendur þykja vera til slíks. Að fengnum andmælum er síðan kveðinn upp úrskurður í málinu. Alls bárust 136 mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins á árinu. Afgreidd voru 116 skattrannsóknarmál og voru 52 mál óafgreidd um áramót. Nokkur verulega umfangsmikil mál komu til kasta skrifstofunnar í árslok.

Kröfugerðir ríkisskattstjóra í kærumálum til yfirskattanefndar

Ríkisskattstjóri kemur fram fyrir hönd gjaldkrefjanda í kærumálum til yfirskattanefndar. Alls voru 314 nýskráð mál af þessum toga, samanborið við 332 árið áður. Á árinu 2003 var 291 kröfugerð send yfirskattanefnd og voru 30 mál óafgreidd um áramót.

Undirbúningur lagafrumvarpa og túlkun nýrra laga

Á hverju ári eru samþykktar á Alþingi breytingar á hinum ýmsu skattalögum. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu lagabreytingar á sviði

beinna skatta á árinu 2003 eða sem tengjast skattframkvæmd á því sviði.

Lög nr.

- 12/2003 álverksmiðja í Reyðarfirði
- 21/2003 tekjuskattur og eignarskattur (hlutabréfasjóðir)
- 22/2003 tekjuskattur og eignarskattur (endurútgáfa)
- 35/2003 hlutafélög o.fl. (færsla skráningar)
- 39/2003 hlutafélög (ársreikningar, samlagshlutafélög)
- 45/2003 samvinnufélög (ársreikningar, afskráning félaga)
- 49/2003 sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (ársreikningar)
- 51/2003 stjórnarsýslulög (rafræn stjórnarsýsla)
- 52/2003 einkahlutafélög (ársreikningar, slit félaga)
- 56/2003 ársreikningar (EES-reglur)
- 85/2003 álbræðsla á Grundartanga (stækkun, skattlagning)
- 88/2003 ábyrgðasjóður launa (heildardrög, EES-reglur)
- 90/2003 lög um tekjuskatt og eignarskatt (endurútg.)
- 120/2003 málefni aldraðra (gjald í Framkvæmdasjóð)
- 121/2003 tryggingagjald (viðbótarlífeyrissjóður)
- 133/2003 alþjóðleg viðskiptafélög (brottfall laga o.fl.)
- 143/2003 tekjuskattur og eignarskattur (sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir o.fl.)

Sérfræðingar skattaskrifstofu komu að undirbúningi sumra þessara laga auk kynningar á þeim, leiðbeiningum og túlkunum.

Bindandi álit

Á árinu 2003 bárust ríkisskattstjóra 6 beiðnir um bindandi álit sbr. lög nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum og var lokið við afgreiðslu þeirra á árinu.

Kaupréttaráætlanir

Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri staðfesta að kaupréttaráætlanir fullnægi skilyrðum skattalaga um sérstaka ívilnandi skattalega meðferð á kauprétti sem starfsmönnum hlutafélaga og einkahlutafélaga er látinn í té. Staðfestar kaupréttaráætlanir voru 4 á árinu 2003. Voru þær allar afgreiddar um áramót.

Lögfræðilegar álitssgerðir

Eins og undanfarin ár voru mál varðandi túlkun einstakra lagafyrirmæla og samantekt um ríkjandi framkvæmd á sviði skattaréttar ríkur þáttur í starfsemi skattaskrifstofu. Birtist þetta ekki hvað síst í formi skriflegra svara við fyrirspurnum frá skattþegnum og ýmsum opinberum stofnunum og hagsmunahópum, sem og í óformlegri upplýsingagjöf og leiðbeiningum. Alls voru 328 mál innbókuð sem skriflegar fyrirspurnir á árinu 2003 og voru afgreidd 335 slík mál. Um áramót voru 6 mál óafgreidd.

Allmörg mál fengu úrlausn hins almenna dómstólakerfis. Var þar bæði um refsímál og einkamál að ræða. Var unnið við gerð ýmiss konar álita, greinargerða og samantekta vegna reksturs mála fyrir dómstólum, auk þess sem skattaskrifstofan svaraði og gerði grein fyrir atriðum sem umboðsmaður Alþingis lét sig varða á skattasviðinu á árinu.

Alþjóðamál

Alþjóðadeildin hefur annast upplýsingagjöf varðandi framkvæmd tvísköttunarsamninga og liðsinnir skattþegnum í samskiptum við erlend

skattyfirvöld. Hefur vægi þessa verkefnis aukist ár frá ári og hélt sú þróun áfram á árinu 2003. Skýrist það aðallega af auknum flutningi fólks til og frá landinu og auknum samskiptum á vettvangi alþjóðlegs skattaréttar. Eitt af verkefnum alþjóðadeildar er að úrskurða um skattalega heimilisfesti. Alls bárust 96 slík mál á árinu og voru jafnmörg mál afgreidd á árinu. Óafgreidd heimilisfestamál um áramót voru engin. Beiðnir um vottorð sem bárust alþjóðadeild voru alls 478 og voru afgreidd 480 vottorð á árinu, sem skýrist af því að nokkrar vottorðabeiðnir voru óafgreiddar í upphafi árs. Vottorð þessi eru af ýmsum toga, svo sem um skattskyldu og rekstur aðila hér á landi, barnabætur og um tekjur og eignir hérlendis.

Fyrirmæli og verklagsreglur

Veigamikill þáttur í starfi ríkisskattstjóra er lögum samkvæmt sá að gæta þess að samræmi sé í störfum skattstjóra. Þannig voru skattstjórum send allmörg bréf sem höfðu að geyma niðurstöðu RSK um meðferð ýmissa álitafna.

Kynningar á dómum, úrskurðum, lögum og reglum

Að venju var dreift til skattstjóra og starfsmanna skattkerfisins þeim dómum, sem felldir voru í Hæstarétti og héraðsdómum um skattamál. Sama á við um þá úrskurði yfirsattanefndar sem ástæða þótti til að ætla að almennt gildi hefðu. Loks var lögum, reglugerðum og öðrum settum reglum ársins dreift ásamt þeim skýringum sem við áttu. Þá er tilkynningum um laga-breytingar og orðsendingar komið á framfæri við skattborgara með orðsendingum til launagreiðanda og öðrum hætti eftir því sem tilefni er til, en skattaskrifstofa ber ábyrgð á efni slíkra

tilkynninga og leiðbeininga að því er beina skatta varðar.

Happdrætti

Lögum samkvæmt staðfestir ríkisskattstjóri hvort skilyrðum um skattfrelsi vinninga í happdrættum er fullnægt. Skattaskrifstofan sér um útgáfu slíkra staðfestinga og er listi yfir skattfrjálsa happdrættisvinninga birtur í almennum leiðbeiningum með skattframtali ár hvert. Á árinu 2003 voru 14 slíkar staðfestingar um skattfrelsi happdrættisvinninga gefnar út, en jafnmörg erindi af þessum toga bárust skrifstofunni.

Staðgreiðsluerindi

Mikill fjöldi staðgreiðsluerinda berst skattaskrifstofu jafnan til úrlausnar og gilti það á árinu 2003. Má skipta málum þessum í tvo flokka, þar sem annars vegar er um að ræða endurgreiðslur vegna náms og hins vegar leiðréttingar á afdreginni staðgreiðslu þar sem launagreiðandi hefur ekki staðið skil á afdreginni staðgreiðslu. Alls bárust 1.537 erindi af þessum toga á árinu en fjöldi afgreiddra mála var 1.561.

Þróunarverkefni

Stærstu þróunarverkefni á skattaskrifstofu á árinu, eins og undanfarin ár, tengdust skattframtali einstaklinga. Um er að ræða áframhaldandi þróun rafræna framtalsins, fyrirfram áprentun upplýsinga á skattframtalið og rafræna regluprófun þess.

Frá og með framtalsárinu 2003 er öllum einstaklingum í atvinnurekstri skylt að skila uppgjöri rekstrar síns á stöðluðu formi, þ.e. á eyðublöðunum RSK 1.04, RSK 4.11, RSK 4.10 eða RSK 4.08, skv. nánari skilgreiningu þar á.

Við forskráðar upplýsingar á framtölum

einstaklinga bættust á árinu 2003 upplýsingar um verð ökutækja frá fyrra ári, upplýsingar um skuldir og vaxtagjöld vegna kaupleigubifreiða og upplýsingar frá húsnæðissamvinnufélögum.

Einstaklingar í atvinnurekstri með veltu allt að 20 m.kr. gátu nú talið fram á netinu og gert grein fyrir rekstri sínum á eyðublaðinu RSK 4.11. Endurskoðendur og bókarar gátu jafnframt gert grein fyrir rekstri bænda á tölvutæku formi á eyðublaðinu RSK 4.08. Þá var tekið í notkun (bæði á pappír og tölvutæku formi) nýtt eyðublað fyrir skattalegt utanumhald eigna, þ.e. Eignaskrá RSK 4.01, en þar skal gera grein fyrir fyrningum og kaupum og sölu eigna í rekstri.

Ársreikningaskrá

Ársreikningaskrá starfar samkvæmt lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 319/2003, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga. Starfsemi ársreikningaskrár er fólgin í því að taka á móti ársreikningum skilaskyldra félaga og veita almenningi aðgang að þeim, m.a. með sölu á ljósrituðum eintökum þeirra. Er sú þjónusta mikið notuð. Skilaskyld félög eru hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög svo og sameignarfélög og samlög ef þau eru í eigu fyrrnefndra félagaforma eða eru yfir tilteknum stærðarmörkum.

Á árinu 2003 voru lagðir fram til opinberrar

birtingar ársreikningar fyrir rekstrarárið sem lýkur á árinu 2002 fyrir alls 14.191 félög. Áætlað er að skilaskyld félög, þegar tekið hefur verið tillit til félaga sem hætt hafa starfsemi, m.a. vegna gjaldþrota á árunum 2002 og 2003, séu um 16.672 og eru því skil á árinu um 85,1%. Félögum á skrá hefur fjölgað milli ára um 18,2%. Á árinu var einnig skilað ársreikningum fyrir rekstrarárið 2001 fyrir 1.458 félög og hefur þá verið skilað 13.272 ársreikningum fyrir það ár eða fyrir um 94,1% af skilaskyldum félögum.

Með lögum nr. 56/2003, um breyting á lögum um ársreikninga, voru gerðar breytingar á ákvæðum um ársreikningaskrá og skilaskyldu félaga. Annars vegar var ríkisskattstjóra falið að starfrækja ársreikningaskrá en áður hafði hann það með höndum samkvæmt reglugerð nr. 523/2001, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga. Er breytingin í samræmi við breytingar á lögum um fyrirtækjaskrá og ákvæðum um hlutafélagaskrá í lögum um hlutafélög. Hins vegar var það gert að ótvíræðri skyldu allra dótturfélaga að leggja fram ársreikninga sína hjá ársreikningaskrá og auk þess var móðurfélögum gert skylt að leggja fram bæði samstæðureikning og ársreikning sinn. Í framhaldi af því gaf fjármálaráðherra út reglugerð nr. 319/2003, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga.

Forstöðumaður: Sigurjón Högnason
Fjöldi ársverka: 17,8

Gjaldaskrifstofa skiptist í tvær deildir. Virðisaukaskattsdeild sinni fyrst og fremst lögboðnu hlutverki embættisins við framkvæmd virðisaukaskatts, vörugjalds, skilagjalds og úrvinnslugjalds. Gjaldadeild annaðist álagningu og aðra framkvæmd þungaskatts, bifreiðagjalds, úrvinnslugjalds á bifreiðir og áfengisgjalds.

Á árinu urðu litlar breytingar í starfsmannahaldi. Á síðari hluta ársins lét einn starfsmaður af störfum en við starfinu tók starfsmaður sem kom af annarri skrifstofu embættisins. Deildarstjóri virðisaukaskattsdeildar var í leyfi frá störfum fyrrihluta ársins, en lét af störfum á miðju ári. Sá starfsmaður skrifstofunnar, sem settur hafði verið til að gegna deildarstjórarstarfinu meðan á leyfinu stóð, var frá sama tíma skipaður í starfið.

Breytingar á réttarreglum

Á árinu voru nokkrar breytingar gerðar á réttarreglum varðandi skatta og gjöld sem eru á verksviði skrifstofunnar. Breytingarnar fólu þó fæstar í sér umfangsmiklar efnislegar breytingar. Eftirtaldir breytingar voru gerðar:

Lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var breytt í tvígang. Með lögum nr. 77/2003 var annars vegar kveðið á um skattskyldu hafna og hins vegar var gildistími endurgreiðsluheimildar vegna hópferðabifreiða lengdur út árið 2005. Með lögum nr. 145/2003 voru hljóðbækur felldar undir 14% skatthlutfall.

Reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, var breytt með reglugerð nr. 298/2003. Breytingarnar varða afmörkun hugtakanna samkeppni og sérfræðiþjónusta.

Reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, var

breytt í tvígang. Breyting með reglugerð nr. 287/2003 varðar afmörkun hugtakanna samkeppni og sérfræðiþjónusta. Með reglugerð nr. 438/2003 var afnumin undanþága hafnarsjóða.

Reglugerð nr. 63/1994, um frjálsta skráningu vegna fólksflutninga milli landa, var breytt með reglugerð nr. 786/2003. Breytingin lýtur að afmörkun þeirra sem slík skráning getur tekið til.

Gildistími reglugerðar nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða, var með reglugerð nr. 868/2003 lengdur út árið 2005. Með reglugerð nr. 914/2003 var leiðrétt lagatilvísun.

Viðauki við lög nr. 97/1987, um vörugjald, sætti breytingum með auglýsingu nr. 150/2003. Breytingarnar lúta að tilgreiningu tollskrárnúmera til samræmis við breytingar á tollskrá.

Lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, var breytt með lögum nr. 8/2003 og nr. 144/2003. Breytingarnar varða afmörkun gjaldskyldu, gjaldtímabil, fjárhæð gjalds og gildistöku.

Sett var ný reglugerð nr. 501/2003, um úrvinnslugjald. Með henni var felld úr gildi reglugerð um sama efni nr. 227/2003, sem sett hafði verið fyrir á árinu.

Lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, var breytt með lögum nr. 20/2003. Breytt var fjárhæðum umsýslupóknunar.

Reglugerð nr. 368/2000, um söfnun endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, var breytt með reglugerð nr. 437/2003. Breytingin varðar fyrirkomulag á innheimtu skilagjalds.

Lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, var breytt með lögum nr. 119/2003. Breytt var fjárhæðum kílómetragjalds þungaskatts.

Gjaldaskrifstofa veitti fjármálaráðuneyti lið við að undirbúa og semja lagafrumvörp og reglugerðir. Breytingar voru kynntar skattstjórum og gjaldendum.

Lögfræðileg álit og miðlun upplýsinga.

Umfangsmesti þátturinn í starfi virðisaukaskattsdeildar felst í túlkun réttarreglna og miðlun upplýsinga.

Gjaldendur, þeir sem starfa í þeirra þágu svo og starfsmenn skattstjóraembættanna leita í ríkum mæli eftir upplýsingum um gildandi rétt og túlkunum embættis ríkisskattstjóra á réttarreglum. Munnlegum fyrirspurnum er jafnan svarað munnlega á grundvelli fyrirbyggjandi skriflegra gagna, en skriflegum fyrirspurnum er svarað skriflega. Þá ritar ríkisskattstjóri öllum skattstjórum bréf er hafa að geyma túlkun réttarreglna eftir því sem tilefni gefast. Bréf sem fela í sér túlkun sem ekki hefur fyrr verið sett fram með sama hætti (ákvarðandi bréf) eru birt á upplýsingavef RSK og eru þar öllum aðgengileg. Við þá birtingu eru nöfn og önnur auðkenni fyrirspyrjenda afmáð úr bréfunum. Á árinu sendi deildin frá sér 60 bréf af umræddum toga, þar af 23 ákvarðandi bréf. Auk þess gaf deildin 9 umsagnir til Alþingis, ráðuneyta og annarra stjórnvalda. Þá voru gjaldendum sendar 2 almennar orðsendingar varðandi virðisaukaskatt.

Skattstjórum voru kynntar laga- og reglugerðarbreytingar, dómar og úrskurðir yfirskaðanefndar.

Mikilvægur þáttur í samræmingu skattfrákvæmdar eru fundir sem ríkisskattstjóri stendur fyrir á u.þ.b. 6 mánaða fresti. Fundina sitja starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra. Þá sitja fundina fulltrúar fjármálaráðuneytis og annarra stjórnvalda eftir því sem umfjöllunarefni

gefa tilefni til hverju sinni. Á árinu 2003 voru slíkir fundir haldnir í maí, með á sjötta tug þátttakenda, og í nóvember, með rúmlega 20 þátttakendum. Stóð hvor fundur í einn vinnudag og voru tekin fyrir þau málefni er hæst bar varðandi framkvæmd virðisaukaskatts.

Starfsmenn skrifstofunnar leiðbeindu á námskeiðum á vegum skattafræðslu RSK, fluttu fyrirlestra og sátu fyrir svörum á fundum og námskeiðum sem haldin voru af ýmsum samtökum og félögum atvinnulífsins.

Kröfugerðir í kærumálum fyrir yfirskaðanefnd

Meðal lögboðinna hlutverka ríkisskattstjóra er að koma fram fyrir hönd gjaldkrefjenda í ágreiningsmálum sem skotið er til yfirskaðanefndar. Ríkisskattstjóri færir fram rökstuðning fyrir hönd gjaldkrefjenda og aflar nauðsynlegra gagna frá viðkomandi skattstjóra. Gjaldaskrifstofa fer með þetta hlutverk að því er varðar þau gjöld er undir hana heyra. Hér á eftir fer yfirlit yfir fjölda mála af umræddum toga á árinu 2003 og sam-
anburður við árið 2002.

	2003	2002
Fjöldi mála í upphafi árs	10	11
Fjöldi mála sem bárust á árinu	58	33
Fjöldi afgreiddra mála á árinu	60	34
Fjöldi óafgreiddra mála í árslok	8	10

Skatterindi

Ríkisskattstjóra er í lögum falin heimild til að breyta skattákvörðun skattstjóra telji hann ástæðu til. Gjaldaskrifstofa fer með þetta vald að því er varðar gjöld er henni heyra til. Að jafnaði kemur ekki til slíkra breytinga nema að gjaldandi óski þess og færi fram gildar forsendur breytinga. Að því er varðar óskir um breyt-

ingar á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabil yfirstandandi eða nýliðins árs hefur ríkisskattstjóri falið skattstjórum að taka afstöðu til erinda gjaldenda. Mikill meirihluti slíkra erinda berast skattstjórum á forminu "Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts" í kjölfar árssam- burðar á virðisaukaskattsskilum annars vegar og bókhaldi og ársreikningi hins vegar. Hér fer á eftir yfirlit yfir fjölda skatterinda sem gjaldaskrifstofa tók til afgreiðslu á árinu 2003 og saman- burður við árið 2002.

	2003	2002
Óafgreidd erindi í upphafi árs	37	21
Erindi sem bárust á árinu	73	72
Fjöldi erinda framsend skattstjóra	6	13
Fjöldi afgreiddra erinda á árinu	53	43
Fjöldi óafgreiddra erinda í árslok	51	37

Tölvukerfi

Ríkisskattstjóraembættið á tölvukerfin VSK-2000, sem er álagningarkerfi virðisaukaskatts, og Trukk, sem er álagningarkerfi þungaskatts

	2003 m.kr.	2002 m.kr.	Breyting %
Velta:			
Velta til 14,0% skatts	199.689	203.121	-1,7
Velta til 24,5% skatts	777.300	714.389	8,8
Skattskyld velta, áætluð	28.110	39.248	-28,4
Undanþegin velta	391.559	403.791	-3,0
Heildarvelta	1.396.658	1.360.549	2,7
Virðisaukaskattur:			
Innskattur	181.981	167.561	8,6
Útskattur (án áætlana)	218.395	203.468	7,3
Útskattur áætlaður	6.795	9.402	-27,7
Álag	967	1.272	-24,0
VSK af innlendum viðskiptum	44.176	46.581	-5,2
VSK vegna innflutnings	51.134	45.147	13,3
Álagður virðisaukaskattur alls	95.310	91.728	3,9
Endurgreiðslur:			
Vegna íbúðarhúsnæðis	1.589	1.203	32,1
Til opinberra aðila	2.344	1.973	18,8
Til orkuveitna	222	219	1,4
Til veitingastaða	834	809	3,1
Til manna búsettra erlendis	251	253	-0,8
Til erlendra fyrirtækja	93	88	5,7
VSK að frádrögnum endurgreiðslum	89.977	87.183	3,2

og bifreiðagjalds. Rekstur kerfanna er í höndum Skýrr hf. samkvæmt samningum þar um. Umsjón með kerfunum og vinnslu í þeim er hins vegar í höndum starfsmanna gjaldaskrifstofu í samvinnu við tæknideild. Í umsjón VSK-2000 felst m.a. undirbúningur og samskipti við Skýrr vegna áritunar vsk-skýrslu, vélrænna áætlana, flutnings upplýsinga úr og í tekjubókhaldskerfi, álagningarvinnslu og vélrænnar gerðar tilkynningu um álagningu. Jafnframt felst í umsjóninni uppsetning kerfisins hjá notendum, uppfærsla handbókar um notkun þess, aðstoð við notendur og samskipti við Skýrr í því sambandi. Ennfremur skoðun daglegra lista yfir færslur og viðeigandi aðgerðir eftir því sem tilefni gefst til. Umsjón með Trukki felur í sér samsvarandi verkþætti.

Skattrannsóknamáli

Ríkisskattstjóri endurákvæðar gjöld í kjölfar rannsókna skattrannsóknarstjóra ríkisins. Að því er þau gjöld varðar, er heyra undir gjaldaskrifstofu, kemur skrifstofan í samvinnu við skattaskrifstofu að úrlausn þeirra mála.

Virðisaukaskattur

Í árslok 2003 voru virkar skráningar á grunnskrá virðisaukaskatts 34.060 talsins og hafði fækkað um 490 á árinu. Hlutfallsleg skipting þeirra milli umdæma var: Reykjavík 37,5%, Reykjanes 24,9%, Vesturland 5,4%, Vestfirðir 3,9%, Norðurland vestra 4,2%, Norðurland eystra 8,4%, Austurland 5,7%, Suðurland 8,9% og Vestmannaeyjar 1,1%.

Á síðu 18 er yfirlit yfir álagningu og endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna ársins 2003 og þær fjárhæðir bornar saman við fjárhæðir vegna ársins 2002.

Vörugjald

Í lok árs 2003 voru skráðir á grunnskrá vörugjalds samtals 125 vegna viðskipta innanlands, þ.e. vegna framleiðslu og heildsölu gjaldskyldra vara. Hafði þeim á árinu fjölgað um einn. Þá voru skráðir 54 rétthafar endurgreiðslna vörugjalds af innfluttum vörum, vegna endursölu til skirteinishafa og hafði þeim fjölgað um einn á árinu.

Álagt vörugjald af viðskiptum innanlands á árinu 2003 nam 697 milljónum króna, samanborið við 687 milljónir króna á árinu 2002. Vörugjald ákvarðað við innflutning, að teknu tilliti til niðurfellinga og endurgreiðslna, nam 2.336 milljónum króna á árinu 2003, samanborið við 2.078 milljónir króna á árinu 2002. Alls nam vörugjald ársins 2003 því kr. 3.033 milljónum króna, sem er 9,7% hækkun frá 2.765 milljónum króna á árinu 2002.

Skilagjald

Fjöldi skráðra gjaldenda skilagjalds á einnota umbúðir drykkjarvara vegna framleiðslu eða átöppunar innanlands var í árslok 2003 óbreyttur frá fyrra ári, þ.e. níu gjaldendur. Álagt skilagjald þeirra nam 482 milljónum króna á árinu 2003, samanborið við 376 milljónir króna á árinu 2002. Ákvarðað skilagjald við innflutning nam á árinu 2003 176 milljónum króna, en nam 166 milljónum króna á árinu 2002. Samtals nam því skilagjald ársins 2003 658 milljónum króna, sem er 21,4% hærra en árið áður.

Pungaskattur

Af ökutækjum sem nota annað eldsneyti en bensín skal greiddur pungaskattur. Gjaldhæð ræðst af þyngd ökutækja. Gjaldadeild annast álagningu skattsins, sinnir upplýsingagjöf þar að lútandi, úrskurðar í kærumálum og hefur eftirlitshlutverki að gegna. Þá ákvarðar deildin

sektir vegna formbrota sem ekki hafa leitt til vantalins aksturs. Þungaskattur ákvarðast á tvenns konar grundvelli. Annars vegar er fast gjald ákvarðað fyrirfram fyrir hálf tveggja ára í senn. Hins vegar er gjald fyrir hvern ekinn kílómetra ákvarðað eftir árið fyrir þriðjung árs í senn. Auk vélrænna reglubundinna álagninga er gjald ákvarðað í daglegum vinnslum vegna breyttra forsendna. Fast gjald var lagt á vegna um 16.100 ökutækja á árinu 2003, samanborið við um 15.800 ökutæki á árinu 2002. Kílómetragjald var lagt á vegna um 12.300 ökutækja á árinu 2003, samanborið við um 11.500 ökutæki á árinu 2002.

Hér fer á eftir yfirlit yfir álagðan þungaskatt á árinu 2003 og samanburður við álagningu ársins 2002. Miðað er við stöðu að lokinni kærumeðferð. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna.

Þungaskattur:	2003	2002	Breyting
	m.kr.	m.kr.	%
Fast gjald;			
álagning	2.497	2.410	3,6
skattbreytingar	-113	-101	11,9
staða eftir skattbr.	2.384	2.309	3,2
Kílómetragjald;			
álagning skv. álestri	2.667	2.596	2,7
áætlað gjald	817	828	-1,3
samtals álagt gjald	3.484	3.424	1,8
skattbreytingar	-748	-883	-15,3
álag við álagningu	40	43	-7,0
breytingar álags	-24	-29	-17,2
staða eftir skattbr.	2.752	2.555	7,7
Samtals þungaskattur	5.136	4.864	5,6

Áætlanir kílómetragjalds voru alls 3.306 talsins á árinu 2003 en 3.428 á árinu 2002. Í kærumeðferð voru á árinu 2003 með vélrænum

hætti felldar niður 2.421 áætlun og skattur í stað þeirra ákvarðaður á grundvelli síðbúins álestrar af ökumælum eða að virtum breytingum á gjaldflokkum, en samsvarandi fjöldi á árinu 2002 var 2.943 áætlanir. Eftir álagningu voru á árinu 2003 tekin fyrir 2.496 mál, þ.e. kærur, skatterindi og leiðréttingar.

Á árinu 2003 kvað gjaldadeild upp 313 sektarúrskurði vegna formbrota og námu ákvarðaðar sektir samtals tæplega 3,9 milljónum króna.

Gjaldendum voru á árinu sendar 4 almennar orðsendingar varðandi þungaskatt.

Bifreiðagjald

Bifreiðagjald var lagt á vegna um 144.800 bifreiða á árinu 2003, samanborið við um 144.000 bifreiðir á árinu 2002. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinnum á árinu vegna hálf tveggja ára í senn. Auk þeirra álagninga var gjald ákvarðað í daglegum vinnslum vegna breyttra forsendna. Álagning tilgreind í milljónum króna var á árinu 2003 sem hér segir borin saman við álagningu 2002:

Bifreiðagjald;	2003	2002	Breyting
	m.kr.	m.kr.	%
reiknað gjald	3.390	3.303	2,6
niðurfellt gjald	-302	-283	6,7
álagt gjald	3.088	3.020	2,3
skattbreytingar	-80	-100	-20,0
staða eftir skattbr.	3.008	2.920	3,0

Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra skráðra bifreiða. Ekki kom þó til álagningar alls þess gjalds þar sem bifreiðir bótaþega og björgunarsveita svo og bifreiðir 25 ára og eldri eru undanþegnar gjaldi (niðurfellt gjald). Vegna hvors gjaldtímabils kom þannig ekki til álagningar gjalds vegna um 15.800

bifreiða og vóg þáttur bifreiða bótaþega þar langþyngst. Eftir álagningu voru tekin fyrir 2.949 mál, þ.e. kærur, skatterindi og leiðréttingar. Þyngst vógu mál bótaþega sem voru 2.050 talsins.

Úrvinnslugjald á bifreiðir

Á árinu 2003 var í fyrsta sinn lagt úrvinnslugjald á bifreiðir. Var gjaldið lagt á vegna um 151.000 bifreiða. Gjaldið var lagt á vélrænt tvisvar sinn-um á árinu vegna hálfis árs í senn. Auk þeirra álagninga var gjald ákvarðað í daglegum vinnslum á nýskráðar bifreiðir og fellt niður af afskráðum bifreiðum hlutfallslega eftir skráningartíma. Álagning tilgreind í milljónum króna var á árinu 2003 sem hér segir :

Úrvinnslugjald;	2003 m.kr.
álagt gjald	149
gjaldabreytingar	1
staða eftir gjaldabr.	148

Við álagningarvinnslu var reiknað gjald vegna allra bifreiða sem skráðar voru hér á landi síðustu 15 ár. Engar undanþágur eru líkt og frá bifreiðagjaldi. Örfá kærur komu til kasta ríkisskattstjóra á árinu 2003 vegna úrvinnslugjaldsins, eða innan við 10 mál.

Áfengisgjald

Gjaldadeild annast álagningu áfengisgjalds af innlendri framleiðslu og eftirlit með starfsemi innlendra framleiðenda, sem voru fimm á árinu 2003. Skattstjórnarnir á Vesturlandi og Norðurlandi eystra önnuðust eftirlitið, hvor í sínu umdæmi, í umboði ríkisskattstjóra. Á árinu setti ríkisskattstjóri nýjar reglur varðandi áfengisframleiðslu, þ.e. um eftirlit með átöppun, innsigli umbúða, töku rannsóknarsýna, afskrift og förgun.

Hér á eftir fer yfirlit yfir álagt áfengisgjald af innlendri framleiðslu á árinu 2003 og samanburður við árið 2002. Allar fjárhæðir eru tilgreindar í milljónum króna.

Gjald af:	2003 m.kr.	2002 m.kr.	Hækkun %
bjór	1.506	1.427	5,5
öðru áfengi	202	253	-20,2
samtals	1.708	1.679	1,7

Áfengisgjald ákvarðað við innflutning á árinu 2003 nam 4.718 milljónum króna, samanborið við 4.502 milljónir króna á árinu 2002. Samtals nam áfengisgjald af innlendri framleiðslu og innfluttu áfengi kr. 6.426 milljónum króna, sem er um 3,9% hækkun frá 6.182 milljónum króna á árinu 2002.

Forstöðumaður: Ásgeir Heimir Guðmundsson
Fjöldi ársverka: 6,8

Eftirlitsskrifstofa hefur með höndum umsjón með skipulagi eftirlits, gerð samræmdra eftirlitsáætlana og leiðbeininga í tengslum við eftirlit svo og söfnun, greiningu og úrvinnslu upplýsinga sem tengjast skatteftirliti. Ennfremur fylgist hún með eftirlitsstörfum starfsmanna skattkerfisins, hefur umsjón með greiningu atvinnugreina, prófun eftirlitsaðgerða og þróun aðferða við skatteftirlit.

Þá hefur eftirlitsskrifstofa umsjón með söfnun og dreifingu upplýsinga samkvæmt aðstoðarsamningum í skattamálum sem og framsendingar ábendinga á milli skattumdæma, umsjón með skoðun og afgreiðslu erinda sem tengjast fyrirkomulagi bókhalds og tekjuskráningar og fylgist með þróun tölvukerfa/tölvuhugbúnaðar og hverskonar pappírslausum viðskiptum í atvinnulífinu.

Á síðustu misserum hefur eftirlitsskrifstofa fengist við fleiri verkefni, eins og eftirlit með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði og skráningu á sundurliðun búnaðargjaldsstofns.

Á síðustu mánuðum ársins urðu töluverðar breytingar á skipulagi og starfsmannahaldi skrifstofunnar. Ráðið var í stöður deildarstjóra áætlanaeildar og upplýsingaeildar og þær deildir styrktar með ráðningu þriggja nýrra starfsmanna. Einn starfsmaður lét af störfum fyrir aldurs sakir og annar hætti störfum. Einn starfsmaður var í níu mánaða fæðingarorlofi. Í árslok störfuðu níu starfsmenn á eftirlitsskrifstofu en þeir voru sjö í upphafi árs.

Eftirlitsáætlun 2004

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, skal ríkisskattstjóri árlega semja sérstaka áætlun um eftirlitsaðgerðir embættisins og skattstjóra.

Með eftirlitsáætlunum er verið að leggja

grunn að samræmdri framkvæmd skatteftirlits á milli umdæma, umfang og áherslur í skatteftirliti ákveðið og grundvöllur skapaður til markvissari skráningar á eftirlitsaðgerðum.

Við gerð eftirlitsáætlunar 2004 (ESR 2004) var haldið áfram að þróa áætlanagerð í skatteftirliti, en sífellt er unnið að endurskoðun og endurbótum slíkra áætlana í ljósi fenginnar reynslu. Í eftirlitsáætlunum eru tiltekin skattaleg atriði kerfisbundið tekin til athugunar. Eftirlitsáætlunin skiptist í samræmdan hluta og eigin hluta skattstjóra. Samræmdur hluti inniheldur eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru í öllum skattumdæmum landsins.

Á árinu 2003 var hafist handa við gerð eftirlitsáætlunar 2004. Vegna mannbreytinga fór sú vinna þó ekki á fullt skrið fyrr en á síðustu mánuðum ársins. Síðustu ár hefur áhersla verið aukin á notkun áhættugreiningar við val á aðilum til skoðunar. Samræmdi hlutinn að þessu sinni felur í sér athugun á aðilum í tilteknum atvinnugreinum á grundvelli áhættugreiningar, samtímaeftirliti, aðilum sem skattar hafa verið áætlaðir á, aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu, könnun á hvort lífeyrir til framfærslu sé í samræmi við framtaldar tekjur, eignabreytingar og aðrar upplýsingar á framtali.

Upplýsingaskipti á milli landa

Eitt af verkefnum eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra er að sjá um upplýsingamiðlun á milli landa. Upplýsingaskiptin eru byggð á tvísköttunarsamningum og Norðurlandasamningi um aðstoð í skattamálum sem taka til tekjuskatta og eignarskatta. Norðurlöndin hafa einnig fullgilt Evrópusamning um gagnkvæma stjórnsýsluástoð í skattamálum sem tekur bæði til beinna og óbeinna skatta.

Á undanförunum árum hefur Ísland gert fjölmarga tvísköttunarsamninga við önnur lönd.

Þannig höfðu 24 tvísköttunarsamningar verið gerðir við 28 lönd fram til ársins 2004 en aðeins hluti þeirra er kominn til framkvæmda eða 12 talsins. Á þessu varð veruleg breyting á árinu 2004 en þá var lokið birtingu 10 samninga til viðbótar við þá sem þegar höfðu verið birtir og eru því 22 samningar við 26 lönd komnir til framkvæmda.

Með fjölgun tvísköttunarsamninga hafa reglulegar sendingar á upplýsingum til íslenskra skattyfirvalda aukist verulega um erlendar tekjur skattskyldra aðila hér á landi.

Upplýsingaskipti á milli landa geta verið með þrennum hætti. Í fyrsta lagi geta skattyfirvöld þeirra landa, sem gert hafa tvísköttunarsamninga sín á milli, skipst árlega á upplýsingum er varða einstaklinga sem bera takmarkaða skattskyldu í öðru aðildarríkinu en ótakmarkaða í hinu. Í öðru lagi geta upplýsingaskiptin verið samkvæmt beiðni þar sem óskað er eftir að viðkomandi skattyfirvöldum verði veittar tilteknar upplýsingar. Í þriðja lagi eru tilfallandi upplýsingar sendar á milli landa, sem geta skipt máli varðandi skattskil í því landi sem fær upplýsingarnar.

Á árinu 2003 var unnið úr upplýsingum frá erlendum skattyfirvöldum, vegna tekna sem aflað hafði verið erlendis frá, um skattskylda aðila búsetta hér á landi. Um var að ræða skattskyldar tekjur einstaklinga og lögaðila sem skoðun eftirlitsskrifstofunnar sýndi að ekki höfðu verið taldar fram af hálfu viðkomandi aðila hér á landi. Voru upplýsingar þessar sendar viðkomandi skattstjórum til afgreiðslu.

Á árinu 2003 bárust ríkisskattstjóra upplýsingar um 22 aðila frá erlendum skattyfirvöldum. Ríkisskattstjóri sendi samsvarandi upplýsingar um 14 aðila til erlendra skattyfirvalda. Að stærstum hluta var um að ræða upplýsingar um launatekjur, en einnig um fjármagnstekjur.

Beiðnir um upplýsingar um tekjur tiltekinna aðila á milli landa voru 15.

Á árinu 2003 kom eftirlitsskrifstofan að endurskoðun og undirbúningi nýrrar handbókar, sem nú er unnið að af hálfu OECD um framkvæmd upplýsingaskipta um skattamál og leiðir m.a. af ákvæðum tvísköttunarsamninga og alþjóðlegra samninga um gagnkvæma stjórn-sýsluáðstoð í skattamálum. Megintilgangurinn með útgáfu handbókarinnar er að stuðla að því að starfsmenn skattyfirvalda, sem í starfi sínu þurfa að leita upplýsinga skattyfirvalda í öðrum löndum, öðlist heildaryfirsýn yfir þau ákvæði sem gilda á þessu sviði. Jafnframt að veita þeim tæknilegar og hagnýtar leiðbeiningar til þess að bæta skilvirkni og árangur af slíkum upplýsingaskiptum við allt skatteftirlit og –rannsóknir. Handbókin ætti einnig að koma að góðum notum við gerð eða endurskoðun skattyfirvalda á eigin handbókum á þessu sviði.

Takmörkuð skattskylda

Eftirlitsskrifstofa ríkisskattstjóra hefur að undanförnu unnið að því í samvinnu við fjársýslu ríkisins að koma upp tölvuvæddu kerfi til þess að leggja á og innheimta skatta af tekjum sem erlendir aðilar hafa hér á landi og bera takmarkaða skattskyldu samkvæmt 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Við uppbyggingu kerfisins var tekið mið af því fyrirkomulagi, sem OECD hefur lagt til að tekið verði upp af aðildarríkjunum vegna upplýsingaskipta milli landa, þannig að hægt verði í framtíðinni að senda upplýsingar um nefndar tekjur með vélrænum hætti til erlendra skattyfirvalda. Vinnu við uppbyggingu kerfisins var lokið í desember s.l. og það tekið í notkun í byrjun árs 2004.

Skattskyldir samkvæmt þessum lagaákvæðum eru aðilar sem bera hér takmarkaða skatt-

skyldu og fá greitt fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi eða hafa tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu, svo og af söluhagnaði vegna slíkra eigna. Greiðslur sem skattskyldar eru samkvæmt umræddum lagaákvæðum teljast til launa samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og eru því staðgreiðsluskyldar og ber greiðanda eða milligöngumanni hans að halda eftir staðgreiðslu og standa skil á henni.

Í tengslum við innleiðingu þessa nýja tölvukerfis var jafnframt gerð breyting á skattframtali rekstraraðila vegna framtals fyrir tekjuárið 2003 þar sem rekstraraðilum er gert að veita upplýsingar um greiðslur til erlendra aðila sem skattskyldar eru m.a. samkvæmt 3. og 6. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga.

Nákvæmar upplýsingar um heildargreiðslur af því tagi sem hér um ræðir liggja ekki fyrir en þær eru umtalsverðar. Við eftirlitsaðgerð á vegum eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra á árinu 2003 kom í ljós að þau fyrirtæki, sem skilað höfðu tilskyldum upplýsingum, höfðu á árinu 2001 greitt í heild yfir 10 milljarða króna fyrir umrædda þjónustu eða réttindi. Af ákvæðum tvísköttunarsamninga leiðir hins vegar, eins og áður sagði, að tekjur þessar kunna ýmist að vera undanþegnar skattskyldu hér á landi eða bera lægri skatta en almennt gilda. Af slíkum tekjum, sem ekki falla undir tvísköttunarsamninga, ber hins vegar að greiða skatta að fullu og skila í ríkissjóð. Ljóst er að leggja þarf aukna áherslu á eftirlit með þeim sem bera takmarkaða skattskyldu og ábyrgð á skattskilum samkvæmt framansögðu jafnframt því að upplýsa þá aðila, sem ber að halda eftir staðgreiðslu vegna slíkra greiðslna, um ábyrgð þeirra á greiðslu staðgreiðsluskatta.

Eftirlit með iðgjaldagreiðslum

Samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða, skal ríkisskattstjóri hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldu-trygging lífeyrisréttinda nær til.

Á árinu 2003 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um innborguð iðgjöld einstaklinga vegna ársins 2002. Þær upplýsingar voru síðan bornar saman við upplýsingar úr framtölum einstaklinga. Í ljós kom að tæplega 9.300 einstaklingar reyndust vera með vangoldin iðgjöld. Þetta er fækkun frá árinu áður, þegar tæplega 10.000 einstaklingar voru með vangoldin iðgjöld, þrátt fyrir að vikmörkin hefðu verið lækkuð nokkuð milli ára. Listar yfir einstaklinga með vangoldin iðgjöld voru sendir lífeyrissjóðunum sem sjá alfarið um innheimtu þeirra.

Á árinu 2004 kallaði eftirlitsskrifstofa einnig eftir upplýsingum um innheimtu lífeyrissjóðanna vegna ársins 2002 og framsendi þær upplýsingar til fjármálaeftirlitsins.

Bókhald og tekjuskráning

Sífelld færast í vöxt að rekstraraðilar sækja um undanþágu frá hefðbundinni tekjuskráningu, þ.e. frá notkun sjóðvéla og fyrirfram númeraðra reikninga í þríriti. Rekstraraðilar sjá verulegt hagræði í notkun rafrænna bókhaldskerfa sem heimilt er að fengnu leyfi frá ríkisskattstjóra að nota til að gefa út sölureikninga í einriti. Rekstraraðilar hafa um fjölda bókhaldskerfa að velja því sífelld bætist við flóru rafrænna bókhaldskerfa.

Árið 2002 var lögð áhersla á að koma samskiptum vegna svokallaðra tekjuskráningarerinda (ts-erinda) í fastan farveg. Á árinu 2003 mátti sjá verulegan árangur af því starfi því flest öll ts-erindin bárust í gegnum heimasíðu ríkis-

skattstjóra þar sem rekstraraðilum er gert mögulegt að fylla út umsókn til að fá heimild til útgáfu reikninga í einriti.

Á árinu báru nokkur erindi keim af því að tækninni fleygir ört fram. Í þessum erindum var lögð áhersla á rafræna miðlun reikninga og hýsingu gagna, jafnvel af þriðja aðila, ásamt fleiri tæknilegum útfærslum á meðferð reikninga. Á árinu var unnið í samvinnu við gjalda-skrifstofu að endurmeta meðhöndlun slíkra erinda og var niðurstaðan sú í megindráttum að endurskoða þurfi lög og reglugerð er varða tekjuskráningu.

Alls voru afgreidd 346 tekjuskráningarerindi á árinu 2003, 340 er bærust á árinu 2003 og 6 er bærust árið 2002. Fjórum erindum var ósvarað í árslok 2003, þar sem beðið var eftir gögnum í þeim málum.

Skýrsla um skatteftirlit 2002

Samkvæmt fyrirætlum í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattranssóknna, er kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli árlega gefa fjármálaráðherra skýrslu um framkvæmd skatteftirlits og árangur af því. Á árinu 2003 kom út fyrsta ársskýrslan um þetta efni sem tekur til skatteftirlits á árinu 2002.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að á árinu 2002 hafi skoðun eftirlitsdeilda skattstjóra og ríkisskattstjóra, ásamt eftirliti virðisaukaskattsdeilda skattstjóra, leitt til hækkunar opinberra gjalda um 895 milljónir króna. Þar segir ennfremur að stöðugildi við skatteftirlit á því ári hafi verið 57, þ.e. 33 í eftirlitsdeildum en 24 í virðisaukaskattsdeildum. Skattbreytingar við eftirlit eru því að meðaltali 15,7 m.kr. á hvern starfsmann. Launakostnaður í heild var að meðaltali 3,8 m.kr. á hvern starfsmann í skattkerfinu sem svarar til þess að kostnaður í eftirliti hafi numið

um 217 m.kr. Mismunur skatttekna og útgjalda við skatteftirlit er samkvæmt því 678 milljónir króna. Um framkvæmd skatteftirlits og árangur af því vísast að öðru leyti til nefndrar skýrslu.

Búnaðargjald

Á árinu 2003 vann eftirlitsskrifstofa líkt og síðustu 3 ár að samantekt heildartalna um skiptingu tekna af búnaðargjaldi milli einstakra búgreina. Þetta er gert samkvæmt fyrirbyggjandi sundurliðunum úr framtölum búnaðargjalds. Skattstjórar leggja á búnaðargjald og ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum. Á grundvelli þeirrar sundurliðunar er tekjum af búnaðargjaldi skipt á milli einstakra sjóða og samtaka landbúnaðarins.

Eftirlitsskrifstofa kallaði eftir framtölum búnaðargjalds frá skattstjórum og aflaði upplýsinga um álagt búnaðargjald á árinu 2002 ásamt sundurliðun gjaldstofns eftir búgreinum samkvæmt framteljendum. Var sundurliðuninni verulega ábótavant eins og verið hefur sl. ár.

Þegar sundurliðun lá fyrir hjá öllum framteljendum voru teknar saman niðurstöður og þær sendar fjársýslunni. Bændasamtökunum var auk þess send skipting milli einstakra búgreina eftir sveitarfélögum.

Ábendingar

Nokkuð er um að ábendingar berist eftirlitsskrifstofu um hugsanlegar rangfærslur eða undandrätt frá sköttum. Á árinu 2003 bærust eftirlitsskrifstofu 64 ábendingar. Af þeim voru 56 almennar ábendingar er vörðuðu undandrätt eða skattsvik og voru þær sendar skatteftirliti ríkisskattstjóra og eftirlitseiningum skattstjóranna í Reykjavík og Reykjanesumdæmi. Átta ábendingar vörðuðu tekjuskráningu fyrirtækja og voru þær unnar hjá eftirlitsskrifstofu ríkisskattstjóra og framsendar eftirlitseiningum.

Bindandi álit

Á síðustu árum hefur fjölgað félögum sem hafa sótt um og fengið bindandi álit fjármálaráðuneytisins um túlkun á tvísköttunarsamningum. Í álitum þessum er staðfest hvernig skattlagningu þessara félaga skuli háttáð hér á landi með tilliti til viðkomandi tvísköttunarsamninga. Félög þessi eru nær undantekningarlaust dótturfélög erlendra fyrirtækja og stofnuð hér á landi í þeim tilgangi að fjármagna starfsemi móðurfélaga þeirra í útlöndum. Gera má ráð fyrir að það sé einkum tvennt sem vakið hefur áhuga erlendra fyrirtækja á að færa eignarhalds- og fjármögnunarstarfsemi hingað til lands. Annarsvegar megi rekja hann til hagstæðra tvísköttunarsamninga, sem Ísland hefur gert við aðrar þjóðir og hinsvegar aukins frelsis, m.a. í fjármagnsflutningum vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES. Auk þess má gera ráð fyrir að lágir skattar hér á landi á lögaðila hafi sín áhrif. Með stofnun dótturfélaga sem hafa fasta starfsstöð hér á landi og útibúum þeirra í þriðja landi geta móðurfélögin náð umtalsverðu skattahagræði.

Gerð var athugun af hálfu eftirlitsskrifstofu á umfangi starfsemi þeirra félaga sem fengið hafa bindandi álit frá fjármálaráðuneytinu um túlkun á tvísköttunarsamningum. Í ljós kom að frá 1999 til ársloka 2003 hafa 32 fyrirtæki fengið slík bindandi álit. Samkvæmt skattframtölum þessara félaga jukust heildareignir þeirra úr 26,3 milljörðum króna á árinu 1999 í tæplega 790 milljarða króna á árinu 2002. Hagnaður þeirra var rúmlega 56 milljarðar króna, aðallega fjármuna- og vaxtatekjur. Álagðir skattar á sama tímabili fóru úr 4,7 milljónum króna í rúmlega 263 milljónir króna.

Eignarskattsfrjálsir sjóðir

Eftirlitsskrifstofa ríkisskattstjóra hefur eftirlit með því að þeir sjóðir bankanna sem auglýstir eru sem skattfrjálsir sjóðir, uppfylli kröfur um eignarskattsfrelsi. Um er að ræða sjóði sem eingöngu eru myndaðir af tilteknum ríkistryggðum skuldaviðurkenningum (ríkisverðbréfum) samkvæmt 77. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattafræðslan hefur með höndum fræðslustarfsemi ríkisskattstjóra Það felur í sér að hún skipuleggur námskeið fyrir þær stofnanir sem hafa með höndum skattframkvæmd svo og fyrir aðrar stofnanir eða hópa sem óska eftir fræðslu á þessu sviði. Í starfinu felst að gera áætlanir um námskeið og yfirlit yfir fræðslufni, gerð kennslufnis og umsjón með kennslugögnum auk þess að semja við leiðbeinendur og stofnanir sem að fræðslunni koma. Önnur verkefni koma einnig til kasta skattafræðslu og má þar helst til nefna gerð verklagsreglna og leiðbeininga- og kynningarbæklinga. Þá er ritstjórn Tíundar, fréttablaðs ríkisskattstjóra, í höndum skattafræðslu.

Í ársbyrjun komu í hlut skattafræðslu ýmis verkefni sem tilheyra árlegri gerð framtalsgagna. Má þar nefna endurskoðun á eyðublöðum og bæklingum og ritstjórn leiðbeininga með skattframtali einstaklinga. Þá ferð einnig fram á vegum skattafræðslu kynningarstarfsemi af ýmsu tagi.

Námskeiðahald á árinu 2003 var með hefðbundnum hætti, annars vegar voru reglubundin námskeið fyrir einstaklinga sem eru að hefja atvinnurekstur og hins vegar starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfirvalda.

Námskeið fyrir nýja í rekstri

Eins og á síðasta ári voru haldin námskeið um almenn skattskil, tekjuskráningu og reikningaútgáfu og virðisaukaskatt fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Þessum námskeiðum er skipt í þrjú hluta, en hver hluti stendur yfir í 4 kennslustundir. Námskeiðin voru sett upp á heimasíðu RSK og eru kynnt þar. Eftirspurn hefur verið mikil og var fullbókað á flest nám-

skeið á árinu. Þá voru haldin á námskeið fyrir nokkur fyrirtæki og stofnanir auk þess sem haldnir voru fræðslufundir fyrir faghópa.

Starfsfræðslunámskeið

Árlega eru haldin starfsfræðslunámskeið fyrir starfsfólk skattfirvalda og ræðst umfang þeirra nokkuð eftir því hversu miklar breytingar og nýjungar eru á döfinni. Að þessu sinni voru haldin níu starfsfræðslunámskeið og sóttu þau 224 starfsmenn. Leiðbeinendur sem komu að þessum námskeiðum voru 14.

Námsefnið sneri að venju að hinum ýmsu þáttum skattframkvæmdar og voru haldin námskeið um atvinnurekstrarframtöl, iðgjöld í lífeyrissjóði, skattlagningu barna, vistun í heimahúsun, skattlagningu á styrkjum og bréfaskrifir og íslenskt mál.

Tíund

Tíund hélt áfram göngu sinni og komu út þrjú tölublöð, í apríl, ágúst og desember. Blaðið var með hefðbundnu sniði, greinar, viðtöl og almennur fróðleikur um skattamál.

Önnur verkefni

Ýmis önnur tilfallandi verkefni eru á höndum skattafræðslu og má þar nefna upplýsingagjöf, svör við fyrirspurnum, vinna í sambandi verklagsreglur o.þ.h.

Sérstök verkefni féllu til vegna þátttöku í samnorrænum starfshópi. Var þar m.a. um að ræða vinnu við að setja fram upplýsingar fyrir útlendinga sem koma til tímabundinnar dvalar á landinu, í formi bæklinga og á rsk.is. Þá má einnig nefna þátttöku í nefnd sem fjallaði um fræðslumál fyrir stofnanir skattfirvalda.

SKATTEFTIRLIT

RÍKISSKATTSTJÓRA

Forstöðumaður: Guðni Ólafsson
Fjöldi ársverka: 6,3

Skatteftirlit ríkisskattstjóra sinnir skatteftirliti í skattumdæmum utan Reykjavíkur- og Reykjanesumdæma, í samvinnu og samráði við skattstjóra viðkomandi umdæma. Sérstakur eftirlitsfulltrúi er staðsettur hjá skattstjóranum í Vesturlandsumdæmi og sinnir hann eftirliti í því umdæmi undir stjórn viðkomandi skattstjóra. Árið 2003 var sjöunda starfsár skatteftirlits ríkisskattstjóra í þeirri mynd sem það nú er.

Deildir

Starfsemi skatteftirlits ríkisskattstjóra er formlega skipt upp í tvær deildir, annars vegar eftirlitsdeild og hins vegar úrskurðadeild. Eftirlitsdeildin sér um skatteftirlit, sem felur í sér heimsóknir á starfsstöðvar gjaldenda í vettvangs- og bókhaldsskoðanir og ritun fyrirspurnarbréfa og boðunarbréfa vegna fyrirhugaðra gjaldabreytinga. Úrskurðadeildin sér um að endurákvæða í þeim málum sem fá slíka meðferð, auk þess að framkvæma skýrslutökur. Ennfremur aðstoða starfsmenn úrskurðadeildar við skatteftirlit.

Skipting verkefna

Eftirlitsverkefnum er skipt í eftirlit innan ársins annars vegar og eftirlit eftir álagningu hins veg-

ar. Eftirlit innan ársins getur beinst að þeim sköttum sem standa skal skil á innan ársins, þ.e. virðisaukaskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Eftirlitið getur falist í reglulegu og sértæku eftirliti. Reglulegt eftirlit felst þannig í almennri könnun á skilum eins eða fleiri tímabila, á meðan sértækt eftirlit felst í því að kanna afmarkaða þætti innan hvers skattflokks, t.d. ef eingöngu er kannaður innskattur í virðisaukattsskilum viðkomandi. Með eftirliti eftir álagningu er átt við gagnrýna endurskoðun á framtölum gjaldenda. Þetta eftirlit skiptist einnig í reglulegt eftirlit, sem felst í að skoða skattskil gjaldenda almennt, og sértækt eftirlit, sem felst í skoðun afmarkaðra atriða sem tengjast skattskilum fyrri ára hjá gjaldendum.

Verkefni ársins 2003

Á árinu 2003 var haldið áfram að vinna samkvæmt samræmdri eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra 2002-2003. Eftirlitsáætlun skattstjóra og ríkisskattstjóra 2002 - 2003 samanstendur af samræmdum hluta annars vegar og eigin hluta skattstjóra hins vegar. Miðað var við að um 50% af vinnumagni væri ráðstafað til hins samræmda hluta eftirlitsáætlunar. Við val á

aðilum í samræmda hlutanum var notast við áhættugreiningu, þar sem reynt var að skoða þau atriði sem gátu gefið vísbendingu um að skattskil væru ekki í samræmi við skattalög. Stuðst var við upplýsingar vegna rekstrarársins 2000. Á árinu 2003 var hjá skatteftirliti ríkisskattstjóra ekki í gildi nein sérstök áætlun vegna eigin vals skattstjóra heldur voru einungis skoðuð þau mál sem skattstjórar viðkomandi umdæma sendu til skoðunar.

Afgreiðsla mála hjá skatteftirliti ríkisskattstjóra

Í langflestum tilvikum afgreiðir skatteftirlit ríkisskattstjóra þau mál sem unnið er að á þann hátt að þeim er lokið á því stjórnarsýslustigi, þ.e.a.s. að ef tilefni er til breytinga á opinberum gjöldum í framhaldi af skoðun, þá framkvæmir skatteftirlit ríkisskattstjóra þá breytingu. Máli lýkur þá með úrskurði um endurákvörðun, sem kærannlegur er til yfirskattanefndar. Skattstjórar hafa einnig framkvæmt gjaldabreytingar í tilteknum málum, sem skatteftirlit ríkisskattstjóra hefur aðstoðað við að upplýsa.

Tölulegar upplýsingar

Breytingar á opinberum gjöldum og virðisaukaskatti samkvæmt endurákvörðunum:

	2003	2002
	m.kr.	m.kr.
Opinber gjöld	28.427.388	26.047.019
Virðisaukaskattur	6.660.404	9.169.052
Tryggingagjald	207.744	479.984
Álag á vangr. staðgr.	0	396.506
Lækkun yfirfæranl. taps	5.663.305	1.683.899

Málafjöldi:

	2003	2002
Stofnuð ný mál á árinu	70	171
Í vinnslu f.f.ári	159	185
Lokið á árinu	81	112
Fjöldi endurákvörðana	36	52
Framsent til SRS	2	1
Í vinnslu um áramót	110	159

Forstöðumaður: Ómar Ingólfsson
Fjöldi ársverka: 9,4

Hjá tæknideild starfa 10 manns. Deildin skiptist í vélbúnaðar- og hugbúnaðarsvið. Deildin sér um og hefur eftirlit með smíði og rekstri alls hugbúnaðar fyrir skattkerfið. Þá sér deildin um rekstur gagnaflyttingsnets og endurnýjun, viðhald og rekstur tölvubúnaðar fyrir stærstan hluta skattkerfisins. Á árinu fluttust fyrirtækja- og hlutafélagaskrár til ríkisskattstjóra og þurfti bæði að huga að vélbúnaði og hugbúnaði vegna þess flutnings.

Hugbúnaðarmál - BRAGI L. HAUKSSON
Á árinu 2003 var enn haldið áfram á braut rafrænnar stjórnsýslu. Við smíði og viðhald kerfa var lögð áhersla á að þau léttu bæði skattaðilum og starfsfólki skattstofa lífið.

Rafræn skilríki voru í fyrsta skipti nýtt til þess að gefa staðfest rafræn afrit af skattframtölum. Þá var unnið að undirbúningi svokallaðra skeytaskila virðisaukaskatts fyrir notendur vefbanka.

Eins og á árinu 2002 var mikil vinna lögð í áætlanagerð í upphafi árs sem lokið var í marsbyrjun með skilum áætlunar til fjármálaráðuneytis, undir heitinu Tölvukerfi skattýfirvalda - Áætlun og fjárlagatillögur 2003-2004. Hugbúnaðarhluti áætlunarinnar byggir að stórum hluta á föstum samningum við hugbúnaðarhús, en með þeim hefur náðst umtalsverð hagræðing. Svigrúm til nýsköpunar á árinu 2003 var heldur meira en stundum áður, sem kom að vísu ekki til af góðu. Vitneskja um raunverulegar fjárheimildir 2002 lá seint fyrir og olli óþægilegri stöðu á því ári, í staðinn voru fjárheimildir 2003 rýmri.

Í upphafi árs voru að venju miklar annir við að undirbúa aukna áritun upplýsinga á skattframtöl. Nú voru í fyrsta sinn áritaðar upplýsingar frá kaupleigufyrirtækjum, sem kemur stórum hópi framteljenda til góða. Þá var verðmæti ökutækja reiknað sjálfkrafa niður um 10% ef þau voru enn í eigu sama aðila og árið áður. Þá var áritun launaupplýsinga aukin og er stór hluti þeirra nú áritaður. Þá var sem fyrr einnig áritað-

ur stór hluti upplýsinga frá Tryggingastofnun, Fasteignamati, Skráningarstofu og LÍN. Hugbúnaðarvinna vegna þessa var nokkur og einnig var umtalsverð vinna tengd því að fara yfir og vinna úr aðsendum upplýsingum.

Framtalseyðublöðum var vélpakkað í þriðja sinn og voru strikamerkingar nýttar til þökkunar á barnaframtölum, en öðrum aukablöðum ekki pakkað með. Rúmlega 37 þúsund framteljendur fengu þó eingöngu senda veflykla í samræmi við óskir þar um við framtal árið áður. Við framtal 2003 afþökkuðu síðan ríflega 56 þúsund framteljendur framtal á pappír árið eftir.

Vefframtalið var þróað áfram og fleiri blöð gerð aðgengileg á vefnum og villuprófanir eflðar. Við útfyllingu framtals á vefnum var auk þess flestum sem skiluðu framtali fyrra árs rafrænt veittur aðgangur að því. Framtal fyrra árs var á PDF-formi með áorðnum breytingum skattstjóra til 1. mars 2003. Þetta gerði mikla lukku enda minnkar það líkur á að fólk endurtaki mistök frá fyrra ári.

Stærsta breytingin fólst þó í þeirri þjónustu sem veitt var eftir skil framtals, svokallaðar þjónustusiður. Nú var ekki lokað á samskiptin eins og áður hafði verið gert, heldur boðið upp á fjölbreytta þjónustu eftir skil:

1. Afrit af framtali fyrra árs (á PDF-formi).
2. Ókeypis staðfest afrit af framtali ársins. Framteljendur fengu tvö rafræn skjöl afhent, annað var PDF-skjal með framtali og/eða fylgiskjölum, hitt var rafræn undirritun ríkisskattstjóra sem staðfesti innihald hins skjalsins. Þessa undirskrift er ekki hægt að falska og viðtakendum, svo sem bönkum og opinberum stofnunum, bauðst að sannreyna skjölin á vef ríkisskattstjóra. Þúsundir framteljenda nýttu sér þennan möguleika. Þetta er gott dæmi um þá fjölbreyttu möguleika sem felast í notkun rafrænna skilríkja.
3. Beiðni um leiðréttingu. Hér var búinn til einfaldur farvegur fyrir beiðnir um leiðréttingar

eftir skil framtals, en það hefur verið höfuð-
verkur skattstofa að þessar beiðnir hafa bor-
ist á bréfsniðsum sem erfitt er að henda reið-
ur á. Formið var einfaldlega frjáls texti, að
hámarki 4000 stafir, en senda mátti inn fleiri
en eina leiðréttingu.

4. Álagningarseðill (í lok júlí). Tæpum sólarhring
áður en fyrstu álagningarseðlar á pappír
voru bornir í hús, bauðst þeim sem höfðu
talið fram rafrænt að sækja seðil sinn á vefn-
um. Þúsundir sóttu seðla sína rafrænt fyrsta
hálf tímann, en þá kom upp álagstengd villa,
sem olli því að loka þurfti í hálf tíma, en síðan
gekk þetta hnökralaust fyrir sig.
5. Kærur (í júlí og ágúst). Þetta eru beiðnir um
leiðréttingar sem koma eftir álagningu, en
formið er eins og á leiðréttingum fyrir álag-
ningu.
6. Ókeypis staðfest afrit af framtali með áorðn-
um breytingum (í lok júlí).

Rafræn skil frá endurskoðendum og bókur-
um voru með svipuðu sniði og áður, en þeir
nutu verulega aukinnar þjónustu, þar sem þeim
bauðst að sækja rafrænt bæði sundurliðunar-
blað sem dreift er á pappír sem og að sækja
forskráð gögn og fá þau færð sjálfkrafa inn í
framtalsforrit. Var það unnið í góðri samvinnu
við framleiðanda framtalsforritsins sem nú er
notað.

Rafræn skil skattframtala einstaklinga hafa
aukist með ævintýrlegum hætti, eða úr 35%
árið 2000 í rúm 80% árið 2003. Þau framtöl sem
skilað er rafrænt fara í gegnum vélræna reglu-
prófun og voru um 50% framtala samþykkt til
álagningar án aðkomu starfsfólks árið 2003.
Starfsfólk getur eigi að síður tekið ákvörðun um
að skoða þessi framtöl ef ástæða þykir til. Önnur
framtöl, sem skilað var rafrænt, var farið yfir
með hliðsjón af niðurstöðum regluprófunar.
Rafræn skil framtala lögaðila hafa um árabíl
verið yfir 90%, enda framtalið svo flókið að vart
er hægt að fylla það út skammlaust á pappír.

Framtöl sem bárust á pappír fóru að hluta til
sömu leið í gegnum kerfið og er stefnt að því í
framtíðinni að öll framtöl sem berast á pappír
hljóti sömu meðhöndlun og rafræn framtöl.

Rafræn skil á virðisaukaskatti og stað-
greiðslu ganga tæknilega vel, en útbreiðslu er
ábótavant. Um 11% skila virðisaukaskatti rafrænt,
en 14% staðgreiðslu. Þó ber að geta þess
að stór hluti þeirra sem skila staðgreiðslu, skilar
sundurliðunum á rafrænu formi, en yfirleitt á
disklingum sem eru stundum ekki læsilegar.
Stefnt er að því að gera átak í að auka rafræn
skil virðisaukaskatts og staðgreiðsu, en ljóst að
þar verða allir að leggjast á eitt í skattkerfinu
sem og hjá innheimtumönnum, svo árangur
megi nást og þar með veruleg hagræðing.
Unnið er að undirbúningi svokallaðra skeyta-
skila virðisaukaskatts, en þau gera mönnum
kleift að skila virðisaukaskatti beint úr vefbönk-
um og bókhaldskerfum. Eru bundnar vonir við
að skil aukist talsvert í tengslum við það. Fram-
talavinnslukerfið Harpa sem tekið var í notkun
árinu 2002 hefur reynst vel og hefur verið í stöð-
ugri þróun. Vinnsla og ýmsar aðgerðir sem áður
voru bara aðgengilegar í stórtölvuumhverfi, eru
nú að færast smátt og smátt yfir í Hörpu.

Til framtíðar er ljóst að vinnsla mun smátt og
smátt færast úr stórtölvuumhverfinu (hjá Skýrr),
enda er það mjög dýrt í rekstri, ekki síst þar
sem kerfum annarra ríkisstofnana hefur fækkað
þar.

Bragi L. Hauksson, deildarstjóri hugbúnað-
arsviðs og Jón H. Steingrímsson forstöðumaður
stjórnunarskrifstofu fóru á Porvoo ráðstefnu um
rafræn skilríki, rafræna stjórnsýslu og rafrænt
lýðræði í París haustið 2003. Þar kynntu þeir
ásamt Sóleyju Ragnarsdóttur frá Þjóðskrá
stöðu rafrænnar stjórnsýslu á Íslandi og til-
raunaverkefni um rafræn skilríki sem ríkisskatt-
stjóri stendur að ásamt fleiri ríkisstofnunum.

Tilraunaverkefni þetta hefur nú verið fram-
lengt og stefnir ríkisskattstjóri að því að skilríki
þessi leysi af hólmi svokölluðu PGP (Pretty Good

Privacy) skilríki og verði nýtt til viðtækra samskipta við endurskoðendur og bókara, sem og almenning. Vefskil á virðisaukaskatti með raf-rænum skilríkjum eru nú möguleg.

Fyrirtækjaskrá var flutt til ríkisskattstjóra á árinu. Fyrst var stefnt að því að flytja tölvukerfi fyrirtækjaskrár nær óbreytt til RSK, en það hentaði illa, þar sem það féll ekki vel að rekstrarumhverfi RSK. Auk þess voru uppi hugmyndir um nokkra uppstokkun í tengslum við skráning- ar í kerfið.

Þar sem um var að ræða verkefni sem ekki var með umfangsmikil tengsl inn í önnur kerfi RSK, var ákveðið að stefna að því að fara með verkið í útboð. Við gerð kröfulýsingar var í upp- hafi lagt upp með keimlíkt kerfi og áður hafði verið notað, en á síðari stigum var ákveðið að nýta þekkingu og reynslu ríkisskattstjóra á sviði rafrænnar stjórnsýslu. Því var ákveðið að hafa allt umsóknarferlið rafrænt, sem og öll sam- skipti við viðskiptavini í tengslum við umsókn. Pappír kæmi ekki við sögu fyrr en umsókn væri orðin rétt og þá væri hún afhent umsækjanda á PDP-formi til útprentunar og undirritunar.

Útboð var haustið 2003 og barst fjöldi til- boða, en tvö þeirra sýnu lægst, aðeins þriðjung- ur af kostnaðaráætlun, önnur tilboð voru nálægt áætlun.

Gengið var að lægsta tilboðinu, en verð vóg þó aðeins 35%, en gæði 65% við mat tilboða.

Nýtt kerfi verður tekið í notkun á árinu 2004. Samhliða þessu var hugað að endursmíði kerfis fyrir ársreikningaskrá, sem tengist fyrirtækjaskrá og byggir á að skil og birting ársreikninga verði rafræn.

Vélbúnaður - BRIGITTE M. JÓNSSON

Á síðasta ári var haldið áfram að samræma og bæta rekstrarumhverfi skattkerfisins. Ýmis verk- efni hafa bæst við sem endurspeglast í fjölgun netþjóna og notendatölva. Netþjónum hjá RSK hefur fjölgað um 25% og eru nú samtals 12 og notendatölvum á víðneti um 8% og eru alls 256. Netþjónar utan RSK eru tveir. Þessari fjölgun

tölva fylgja aukin verkefni bæði varðandi not- endaðþjónustu og umsýslu vél- og hugbúnaðar. Reynt var að mæta þessum auknu verkefnum með aukinni samræmingu uppsetningar og sjálfvirkni. Meiri áhersla var lögð á að bæta öryggi og á það við bæði um rekstrar- og að- gangssöryggi.

Netþjónar og útskipting véla. Haldið var áfram á þeirri braut að leggja þjóna niður úti á landi og nota flestar tölvur skattkerfisins nú að- gangspjónustu hjá RSK (Win2000-server) til að tengjast staðarneti skattkerfisins. Leigutölvur sem settar voru upp árið 2001 var skipt út í byrjun árs samhliða breytingum á netumhverfi.

Endurskoðun skrifstofuvöndulsins. Til- kynnt var á skattstjórafundi í Keflavík 2002 að RSK hefði keypt Staroffice-pakkann. Honum var dreift til starfsmanna um leið og nýju vélarnar voru settar upp. Notkun Staroffice- vöndulsins á skattstofunum hefur ekki gengið eins vel og reiknað var með og hann valdið örðugleikum einkum hjá þeim, sem nota mikið fjölva og aðrar sérsniðnar lausnir. Af þeim ástæðum var ákveðið að bjóða upp á einfaldari og ódýrari gerð af Microsoft-vöndli fyrir þá starfsmenn. Um áramótin 2003/2004 notuðu ¾ starfsmanna MS-Office, en aðrir nota annað hvort Staroffice eða LotusNotes.

Vélbúnaður - viðbætur. Nýrri diskasam- stæðu var bætt við LotusNotes vélina og hraðar breytingin allri vinnslu á henni. Einnig var diskum bætt í gagnagrunsvélina meðal annars vegna nýs skönnunarkerfis. Tvær af eldri vélum (úreltar sem skráarþjónar) voru settar upp hjá RSK og eru þær notaðar sem þjónar vegna af- ritunartöku og sem LotusNotes prófunarvél. Ein Linux-vél hefur bæst í hópinn og sér hún um innra-vefs umferðina. Innra-vefs þjónninn var endurnýjaður og var kerfið fært yfir á Win2003 netþjón. Sá þjónn verður einnig notaður fyrir nýja fyrirtækjaskrárkerfið sem er í smíðum. Prófunarumhverfi fyrir það kerfi var sett upp á aðra nýja vél. Nokkrir prentarar voru endur- nýjaðir.

Öryggismálin. Öryggismálin voru í almennri endurskoðun, þ.e. innra og ytra öryggi var skoðað og endurbætt. Unnið var að öryggis- stefnu varðandi netumgengni, aðgengi og fleira. Ýmsar reglur voru settar t.d. um uppfærslur á hugbúnaði (hver og hvenær).

Afritunarmál. Fjárfest var í HP LTO Ultrium afritunarstöð sem bætir öryggi gagna til muna. Omniback- afritunarforrit var sett á alla þjóna og notendatölvur sem eru mikilvægar í rekstri skattkerfisins.

Tenging inn á víðnet utan frá. Notkun á svokallaðri heimatengingu byrjaði á árinu. Er hún bæði notuð af starfsmönnum og þjónustuaðilum sem vinna fyrir skattkerfið.

Vírusvörn. Vírusvarnarkerfið var endurnýjað á síðasta ári. Lyklapétur er settur upp á öllum tölvum og keyrður daglega. Á póstgáttinni keyrir Nortin Antivirus fyrir LotusNotes og er allur póstur skannaður.

Umsjónarkerfi fyrir tölvubúnað á víðneti. Breytingar á netkerfi hafa staðið yfir hjá RSK síðan í nóvember 2002. Ákveðið var að biða átektu með endurnýjun á umsjónarkerfinu á meðan nethögun og netkerfi var breytt. Ýmis umsjónarkerfi voru skoðuð á árinu. Brýnt var orðið að setja upp kerfi sem sér um uppfærslur á vélum vegna öryggismála. Reynslan sýnir að árásir vírusa geta leitt til þess að víðnetið lamast alveg. Í ágúst 2003 komst ormur inn í net skattsins og gerði mikinn usla. Tók um 4 daga að útrýma honum. Kerfið keyrir núna að miklu leyti í Microsoft umhverfi sem virðist vera viðkvæmt fyrir árásum m.a. vegna öryggisgalla. Viðbragðstíma við árásum/öryggisgalla þarf að lágmarka. Í september var skoðað kerfi frá Managesoft sem uppfyllir þær kröfur til umsjónarkerfa sem gera þarf og fellur vel að rekstrar- umhverfi embættisins. Kerfið var sett í rekstur í lok ársins.

Fyrirtækjaskrá færð til RSK. Fyrirtækjaskrá var færð til RSK 1. júlí. Bráðabirgðatenging á milli fyrirtækjaskrár (stjórnaráð) og RSK var þá sett í gang. Raunverulegur flutningur fór fram 1. september. Nýr vélbúnaður, þ.e. tölvur, skjáir og prentarar var settur upp hjá starfsmönnum fyrirtækjaskrár. Setja þurfti upp tengingu á milli RSK og Hagstofunnar þar sem fyrirtækjakerfið eldra verður notað þangað til nýtt kerfi er tilbúið. Með tilkomu fyrirtækjaskrár bætast nokkur ný kerfi í rekstur RSK, og má nefna t.d. skönnunarkerfi og afgreiðslukerfi.

Málakerfi - ELÍN G. HELGADÓTTIR

Lotus Notes (LN) er notað fyrir tölvupóst og dagbókar- og málakerfi hjá embættum skattkerfisins. LN þjónar voru upphaflega staðsettir hjá öllum embættunum. Í byrjun árs 2003 var þjónum fækkað úr 12 niður í 6 og vinnsla flutt yfir á vél hjá RSK. LN þjónar eru nú tveir hjá RSK annar sinnir eingöngu móttöku póstis utan frá og vírusleit. Hinn geymir tölvupóst og málakerfi fyrir RSK og skattstofu. LN þjónar eru einnig hjá skattstofu Reykjavíkur, skattstofu Reykjaness, Yfirsattanefnd og Skattrannsóknarstjóra.

Um haustið var hafinn undirbúningur á uppfærslu hjá RSK úr GoPro 2.1.21a í GoPro Professional sem er verulega endurbætt útgáfa. Samningur var gerður við Hugvít og uppfært í byrjun desember og gekk uppfærslan vel. Uppfærslur á GoPro hjá öðrum embættum skattkerfisins verða á árinu 2004.

Skráðar færslur í GoPro málakerfin árið 2003 voru um 151.800 (skráð mál, bréf, minnisblöð og annað) þar af voru 33.412 færslur hjá RSK. Þess ber að geta að skráning mála og bréfa er ekki samræmd milli embætta. RSK og skattstofa Reykjavíkur skanna inn erindi og bréf sem berast og mun það vinnuferli verða kynnt öðrum á næsta ári.

FYRIRTÆKJASKRÁ

Forstöðumaður: Skúli Jónsson
Fjöldi ársverka: 8,0

Tímamót urðu í starfsemi fyrirtækjaskrár á árinu 2003. Með lögum nr. 17/2003 var ákveðið að færa fyrirtækjaskrá frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra frá og með 1. júlí 2003. Skráning fyrirtækja hjá Hagstofunni hófst á árinu 1969 en þá var stofnun fyrirtækjaskrár og rekstur hennar skipulagður í samvinnu við skattyfirvöld í því skyni að sinna brýnum þörfum fyrir samræmda skráningu fyrirtækja og útgáfu auðkennisnúmera til þeirra. Í september 1997 voru hlutafélagaskrá og skyldar skrár fluttar til Hagstofunnar í því skyni að gera félagaskráninguna markvissari en verið hafði. Rekstur fyrirtækjaskráanna hefur falið í sér margháttað hagræði fyrir stjórnvöld og atvinnulíf. Mikið hagræði er fólgið í því að stjórnvöld á ýmsum sviðum geti unnið með eina samhæfða skrá, sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Talið var að auka mætti hagræði í rekstri fyrirtækjaskráanna með því að flytja þær frá hagskýrslugerð og tengja þær beint þeirri skráningarstarfsemi sem ríkisskattstjóri hefur með höndum vegna þarfa skattkerfisins. Þó svo fyrirtækjaskráin færðist formlega undir embætti ríkisskattstjóra í júlí var starfsemin áfram til húsa á sama stað og verið hafði fram til september, en þá var fyrirtækjaskráin flutt í húsnæði ríkisskattstjóra að Laugavegi 166. Við það batnaði vinnuástandi starfsfólks til mikilla muna því skráin er nú í rúmgóðu húsnæði á fyrstu hæð, og aðgengi viðskiptavina því eins og best verður á kosið.

Skipulag og starfsmenn

Starfsemi fyrirtækjaskrár skiptist í meginatriðum í tvo þætti. Annars vegar er um að ræða skráningu ýmissa félaga og fyrirtækja í fyrirtækjaskrá þar sem þeim er gefið einkvæmt auðkennisnúmer, ásamt því að skráðar eru grunnupplýs-

ingar um viðkomandi aðila. Hins vegar er um að ræða skráningu í hlutafélagaskrá, þar sem auk grunnupplýsinga eru skráð ýmis ítarlegri atriði um stjórn og skipulag hlutafélaga, einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Á árinu 2003 voru átta starfsmenn í fullu starfi auk starfsmanns í hlutastarfi. Er það sami fjöldi og verið hefur undanfarin ár. Á árinu urðu þær breytingar að annar lögfræðinga skrárinnar fór í veikindaleyfi og var þá annar ráðinn í hans stað á síðasta hausti og auk þess urðu mannskipti í hlutastarfinu.

Lagarammi

Sá lagarammi sem starfsemi fyrirtækjaskrár byggir á er í meginatriðum tvíþættur, annars vegar er um að ræða lög um fyrirtækjaskrá sem eru á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og hins vegar eru lög um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri en þau eru á forsjá viðskiptaráðuneytisins.

Eins og að framan greinir voru sett ný lög um fyrirtækjaskrá (17/2003) sem tóku gildi 1. júlí 2003. Í 2. gr. þessara laga er kveðið á um að fyrirtækjaskrá skuli geyma upplýsingar um:

1. Einstaklinga, félög og aðra aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
2. Stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins.
3. Stofnanir og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga
4. Félög, samtök og aðila, aðra en einstaklinga, sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur.

5. Aðra starfsemi sem ríkisskattastjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá.

Megináherslan er lögð á að grunnupplýsingum sé safnað saman og þeim viðhaldið um þá aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ásamt þeim sem hafa með höndum opinbera umsýslu, þannig að þessar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir almenning, viðskiptalífið og stjórnvöld. Auk þessa skal fyrirtækjaskrá taka til ýmissa aðila sem hafa með höndum eignaumsýslu eða starfsemi af einhverjum þeim toga að ástæða þykir til að þeir séu í fyrirtækjaskrá, þótt ekki sé um eiginlegan fyrirtækjarekstur að ræða.

Halda skal aðgreinanlegar skrár yfir hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur samkvæmt þeim lögum sem gilda um þessi félög og stofnanir.

Samkvæmt 4. gr. I. nr. 17/2003 skal skrá í fyrirtækjaskrá eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á: heiti, kennitölu, heimilisfang, rekstrar- eða félagsform, stofndag, nafn, lögheimili og kennitölu forráðamanna, atvinnugreinanúmer, slit félags auk annarra atriða sem skylt er að skrá um starfsemi félaga og fyrirtækja samkvæmt lögum eða nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings.

Með nýju lögnum um fyrirtækjaskrá var skýrt kveðið á um eina meginbreytingu frá fyrri lögum, sem fólst í því að einstaklingar með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu auðkenndir í fyrirtækjaskrá með kennitölu þeirra sjálfra samkvæmt þjóðskrá. Fram að gildistöku l. nr. 17/2003 gátu einstaklingar hins vegar

fengið sérstaka kennitölu fyrir atvinnureksturinn en það er ekki heimilt nú.

Þá var ríkisskattstjóra með nýju lögnum veitt dagsektarúrræði í tilvikum þar sem tilkynningarskyldur aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt lögnum.

Á árinu 2003 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög sem snerta starfsemi hlutafélagaskrár.

- Með lögum nr. 35/2003 var kveðið á um að skráin heyrir nú undir fjármálaráðherra í stað ráðherra Hagstofu Íslands.
- Með lögum nr. 39/2003 var m.a. kveðið á um skráningu hugsanlegs erlends aukaheitis, heimildir hlutafélagaskrár til afskráningar félaga og að tilkynningar skuli sendar beint til hlutafélagaskrár en ekki sýslumanna eins og áður var heimilt.
- Lög nr. 72/2003 fólu í sér lítills háttar breytingu á hlutafélagalögnum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- Með lögum nr. 52/2003 var einkum kveðið á um breytingu á hlutafé í eldri einkahlutafélögum, skipan stjórnar, sérákvæði um afskráningu félaga sem ekki hafa haft starfsemi um nokkurn tíma og fellt var niður ákvæði um að senda þyrfti árlega tilkynningar um forsvarsmenn einkahlutafélaga.
- Lög nr. 45/2003 lúta að heimildum til afskráningar samvinnufélaga sem hætt hafa starfsemi.

Starfsemi

Í kjölfar nýju laganna um fyrirtækjaskrá hafa verið gerðar stífar formkröfur til þeirra félaga og samtaka sem fá skráningu í fyrirtækjaskrá. Segja má að fram til þess hafi ýmsir aðilar fengið skráningu sem í raun falla ekki undir eðlilega skilgreiningu á hugtakinu félag eða samtök. Því þótti ástæða til að skerpa nokkuð framkvæmd laganna. Vissulega geta oft komið upp álitamál um hvort skrá skuli aðila í fyrirtækjaskrá eða ekki. Segja má að fram að gildistöku núgildandi laga hafi ekki verið nægjanlega lítið til þess að aðilar uppfylltu formreglur til að vera tækir til skráningar. Framkvæmdin hefur nú verið gerð mun markvissari og er gengið ákveðið eftir því að skilað sé inn nægjanlegum gögnum til að unnt sé að meta hvort skrá skuli aðila samkvæmt lögnum og hann uppfylli þannig skilyrði þess að teljast félag eða samtök að lögum. Afgreiðsla umsókna um skráningu tekur því lengri tíma en áður, en á móti kemur að stjórnsýslan er nákvæmari og niðurstöður eru rökstuddar með skýrari og formlegri hætti en fyrr.

Meginverkefni eru enn sem fyrr að halda utan um hlutafélagaskrána. Er þar um að ræða móttöku og úrvinnslu tilkynninga til skrárinnar. Flestar tilkynningar lúta að stofnun nýrra félaga, breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn, endurskoðendum, prókúruhöfum, samþykktum og loks samrunum og skiptingum félaga. Lögin setja ákveðnar reglur um innihald og form og fer mestur tími lögfræðinga í að ganga úr skugga um að tilkynningar uppfylli skilyrði laga. Ef misbrestur er á, eins og raunin er í mörgum tilfellum, eru gerðar athugasemdir og aðilum

leiðbeint um hvað laga ber. Á árinu 2003 voru 533 tilkynningar endursendar til lagfæringar og eru þá ekki meðtaldar þær tilkynningar sem gera þurfti athugasemdir við vegna nýskráninga. Þetta þýðir að ríflega 12% innsendra aukatilkynninga er áfátt og ekki skráningarhæfar án lagfæringa. Eðli máls samkvæmt fjölgar innsendum aukatilkynningum jafnt og þétt með hverju ári enda fjölgar stöðugt þeim félögum sem skráin tekur til.

Þá hefur nokkuð færst í vöxt á síðustu árum að félög séu sameinuð, þannig að eitt félag tekur yfir skuldbindingar eins eða fleiri félaga, sem þá hætta starfsemi og fer því meiri tími í þessi mál en áður.

Mikið er um fyrirspurnir í síma um ýmis mál sem lúta að skráningu og koma að jafnaði 150-180 símtöl á dag sem tekst að svara.

Nú eru öll skjöl sem skránni berast skönnuð inn í sérstakt kerfi, sem sett hefur verið upp. Samhliða þessu er eftir því sem tími vinnst til, unnið í því að skanna inn eldri skjöl og er nú svo komið að því sem næst öll skjöl frá 1998 og þau sem borist hafa síðar, eru aðgengileg í tölvutæku formi.

Mikilvægur liður í starfsemi fyrirtækjaskrár er að veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almenningi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá, sbr. 8. gr. laga nr. 17/2003. Þessa þjónustu má flokka í þrennt. Í fyrsta lagi er unnt að fletta upp einstökum nöfnum eða kennitölum skráðra aðila á vefnum, bæði á vef ríkisskattstjóra, sem og öðrum vefjum sem uppfylla sett skilyrði og fengið hafa heimild embættisins til slíkrar birtingar. Þessi þjónusta er æ meir notuð af almenningi. Í öðru lagi eru upplýsingar veittar í síma en dreg-

ið hefur mjög úr slíkum fyrirspurnum með vaxandi notkun vefþjónustunnar. Í þriðja lagi er unnt að gera áskriftarsamning um afnot af heildarskránni til uppfærslu á á viðskiptamanna- eða félagaskrá eða annarra eigin nota. Yfir 120 aðilar voru á síðasta með slíkan samning við Hagstofu Íslands og flestir einnig með áskrift að þjóðskrá.

Nýtt tölvukerfi.

Á síðasta haust var boðin út smíði á nýju tölvukerfi fyrir fyrirtækjaskrá sem tæki við þeim tveimur kerfum sem nú eru notuð, þ.e. fyrirtækjaskrá og hlutafélagaskrá. Gengið var til samninga við VKS og hefur verið unnið að smíði kerfisins í samvinnu við starfsmenn. Gert er ráð fyrir að nýja kerfið verði að fullu komið í notkun haustið 2004.

Meginbreytingin verður sú að einungis þarf að skrá upplýsingar inn á einn stað, en fram til þessa hefur þurft að skrá upplýsingar á tvo staði, þ.e. í fyrirtækjaskrá og hlutafélagaskrá. Einnig er í nýja kerfinu gert ráð fyrir að samskipti milli fyrirtækjaskrár og viðskiptavina

hennar geti í meira mæli en nú er, farið fram á í gegnum netið.

Tölfræðilegar upplýsingar.

Hér að neðan er tafla um fjölda mála í helstu málaflokkum sem unnið er að í fyrirtækjaskrá:

	2003	2002	2001
Skráning nýrra einkahlutafélaga	2.365	3.084	1.870
Skráning nýrra hlutafélaga	24	36	32
Samrunar	152	138	126
Skiptingar	22	20	29
Almennar aukatilkygningar	4.363	4.175	3.398
Afskráningar	212	170	131
Skráning almennra félagasamtaka	303	582	433
Skráning húsfélaga	341	273	305
Vottorð úr hlutafélagaskrá	1.858	2.453	2.677
Staðfest ljósrit úr hlutafélagaskrá	1.618	1.450	1.292

JANÚAR

Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 1, um staðgreiðslu 2003
Orðsending til launagreiðenda nr. 2, um skattmat 2003 - tekjur manna
Orðsending varðandi þungaskatt nr. 1 um fast gjald þungaskatts
Orðsending varðandi þungaskatt nr. 2 um álestrartímabil 20. jan.-10. feb. og nýja gjaldskrá
Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 1 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2003
Orðsending varðandi virðisaukaskatt nr. 2 um ársskil
Orðsending nr. 1 um skil á afdreginni staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 148/2002, um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar tóku gildi
Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, tóku gildi
Auglýsing nr. 169/2002, um breytingu á viðauka nr. 1 við tollalög nr. 55/1987 tók gildi. Hefur áhrif á viðauka 1 við lög nr. 97/1987, um vörugjald
Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 1 um skilafresti fyrir launaskýrslur o.fl.
Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 2 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða
Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 3 um skattmat á bústofni til eignar
Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 4 um fresti til að skila framtölum og form framtala 2003
Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 5 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2002

Álagning

Álagning fasts gjalds þungaskatts (15.805 ökutæki)
Álagning bifreiðagjalds (142.662 ökutæki) og úrvinnslugjalds (131.046 ökutæki)

Vefurinn

Reiknivél fyrir vaxtabætur tekin í notkun á rsk.is
Opnuð leið fyrir endurskoðendur og bókara að forskráðum upplýsingum á framtölum til nota í framtalsforritum

FEBRÚAR

Orðsendingar

Orðsending um búnaðargjald - vegna búvöruframléiðslu á árinu 2002

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 6 um gjaldstofn búnaðargjalds vegna rekstrarársins 2002
Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 7 um reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda á árinu 2003.

Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (11.714 ökutæki)

Skattframtöl

Árituð voru 135.476 framtöl fyrir 183.967 einstaklinga. Vegna þeirra sem afbökkuðu pappírframtöl voru send út 26.151 veflyklabréf með veflyklum fyrir 34.888 einstaklinga. Þá voru árituð 11.955 framtöl fyrir lögaðila, auk launafamtala og annarra gagna

MARS

Orðsendingar

Orðsending um búnaðargjald - vegna búvöruframléiðslu á árinu 2002

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 8/2003, um breytingu á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald
Reglugerð nr. 227/2003, um úrvinnslugjald
Lög nr. 12/2003 um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði
Lög nr. 21/2003 um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt
Lög nr. 22/2003 um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt
Lög nr. 39/2003 um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög
Lög nr. 45/2003 um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög
Lög nr. 49/2003 um breytingu á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur
Lög nr. 51/2003 um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (rafræn stjórnsýsla)
Lög nr. 52/2003 um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög
Lög nr. 56/2003 um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994
Lög nr. 85/2003 um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga

Vefurinn

Netframtal einstaklinga 2003 opnað
Þjónustusíður opnaðar í tengslum við netframtal

Skoðanakönnun

RSK tók þátt í spurningavagni IMG Gallup þar sem spurt var um framtalsgerð og leiðbeiningar

APRÍL

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 77/2003, um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt
Lög nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa
Reglugerð nr. 287/2003, um breytingu á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila
Reglugerð nr. 298/2003, um breytingu á reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana
Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 8 um framlagningu skattskrár 2002 og virðisaukaskattsskrár fyrir rekstrarárið 2001

MAÍ

Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 3 um álestrartímabil 20. maí. - 10. júní
Orðsending varðandi skilagjald nr. 1 um lagabreytingu 1. maí 2003

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt (endurútgáfa, komu í stað laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt)
Lög nr. 20/2003, um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur

Tíund

Fyrsta tölublað ársins af Tíund kom út

Vsk-fundur

Fundur um virðisaukaskatt haldinn með þeim sem koma að framkvæmd hans

Vefurinn

Uppfletting í ársreikningaskrá opnuð á rsk.is
Reiknivél fyrir fast gjald þungaskatts sett á vefinn

JÚNÍ

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Reglugerð nr. 437/2003, um breytingu á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur

Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 8 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004

Álagning

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (12.245 ökutæki)

Vefurinn

Leitarvél fyrir fyrirtækjaskrá opnuð á rsk.is
Lagður fram verkefnalisti fyrir vefi skattkerfisins, byggður á skýrslu SJÁ viðmótsprófana ehf.

JÚLÍ

Orðsendingar

Orðsending varðandi skilagjald nr. 2 um breytta reglugerð og nýja skilagjaldsskýrslu

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 35/2003 um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana

Reglugerð nr. 438/2003, um breytingu á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila

Reglugerð nr. 501/2003, um úrvinnslugjald. Kom í staðinn fyrir reglugerð nr. 227/2003

Ný verkefni RSK

Starfsemi fyrirtækjaskrár flutt frá Hagstofu Íslands til ríkisskattstjóra

Álagning

Sendir út 243.192 skatt- og innheimtuseðlar vegna opinberra gjalda manna og barna

Álagning fasts gjalds þungaskatts (16.351 ökutæki)

Álagning bifreiðagjalds (145.596 ökutæki) og úrvinnslugjalds (151.235 ökutæki)

Skattstjórafundur

Hinn árlegi skattstjórafundur með fjármálaráðuneyti og skattstjórum haldinn á Bifröst í Borgarfirði

Vefurinn

Fyrirtækjaskrá - nýr liður á rsk.is með almennum upplýsingum, eyðublöðum og öðru sem tilheyrir fyrirtækjaskrá
Álagningarseðlar á vefinn í fyrsta sinn

ÁGÚST

Skatteftirlit

Árlegur fundur yfirmanna skatteftirlits á Norðurlöndum haldinn í Ilulissat á Grænlandi

Tíund

Annað tölublað ársins af Tíund kom út

SEPTEMBER

Orðsendingar

Orðsending varðandi þungaskatt nr. 4 um álestrartímabil 20. sept. - 10. okt.

OKTÓBER

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Reglugerð nr. 786/2003, um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga milli landa

Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 10 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga

Álagning

Sendir út 21.452 skatt- og innheimtuseðlar vegna opinberra gjalda lögaðila

Álagning kílómetragjalds þungaskatts (12.848 ökutæki)

Útgáfa

Ný lagasamfella tekjuskatts og eignarskatts gefin út

Innra starf

Stefnumótunardagur ríkisskattstjóra haldinn í Skíðaskál-anum í Hveradölum

NÓVEMBER

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Reglugerð nr. 868/2003, um breytingu á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópþifreiða

Skatteftirlit

Skýrsla um skatteftirlit 2002 kom út

Vsk-fundur

Fundur um virðisaukaskatt haldinn með þeim sem koma að framkvæmd hans

Vefurinn

Nýr innri vefur skattkerfisins opnaður

DESEMBER

Orðsendingar

Orðsending til launagreiðenda nr. 3 um forskráningu launa og starfstengdra greiðslna á skattframtöl einstaklinga 2004

Orðsending varðandi úrvinnslugjald nr. 1 um laga-breytingar 1. janúar 2004

Lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Lög nr. 120/2003 um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999

Lög nr. 121/2003 um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald

Lög nr. 133/2003 um breytingu á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög

Lög nr. 143/2003 um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt

Reglugerð nr. 914/2003, um breytingu á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópþifreiða

Tíund

Þriðja tölublað ársins af Tíund kom út

Vefurinn

International - nýr liður á rsk.is með upplýsingum um skattamál á erlendum tungumálum. Kom í staðinn fyrir síðuna English

Norræn vefþjónusta

Vinna við sameiginlega vefþjónustu skattfirvalda á norðurlöndum (Nordiske skatteportal) hófst með fundi í Stokkhólmi



RSK 13.03

ISSN 1670-4878